

Bækur eiga að vera eins og öxi



Fljótasti dómari landsins





NÝTT

Sirius

Rjómasúkkulaði

KONFEKTHNAPPAR Í HÁTÍÐARBÚNINGI



Menning > 17

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

253. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2022

Traust til Katrínar hrynur í könnun

Krístúr Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, er sá stjórnmálaleiðtogi sem Íslendingar treysta best, samkvæmt nýrri könnun. Traust til forsætisráðherra hrynur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir er ekki lengur sá stjórnmálaleiðtogi sem landsmenn treysta best. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósentis. Flestir landsmenn treysta Krístrúnu Frostadóttur, formanni Samfylkingarinnar, best allra formanna, eða 25,4 prósent þeirra sem tóku afstöðu.

Katrín hefur lengi verið langvinsælasti stjórnmálaleiðtoginn. Í október í fyrra vildu 57,6 prósent hana sem forsætisráðherra samkvæmt könnun Maskínu, en enginn annar stjórnmálaleiðtogi náði 10 prósentum. Í könnun Prósentis sem gerð var 14. til 17. nóvember mælist Katrín með 17,5 prósent þegar spurt er: Hvaða formanni íslenskra stjórnmálaflokka treystir þú best?

Í þriðja sæti er Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, með 15,4 prósent.


11,3 prósent landsmanna treysta Sigurði Inga Jóhannssyni, formanni Framsóknarflokksins, best. Þar á eftir kemur Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, með 9,7 prósent, Halldóra Mogensen, þingflokksformaður Pírata, með 8,9 prósent, Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, með 7 prósent og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, rekur lestina með 4,6 prósent.

Fyrir utan yfirgnæfandi stuðning innan Samfylkingarinnar nýtur Krístrún töluverðs stuðnings úr öðrum flokkum. Til að mynda treysta 53 prósent kjósenda Sósíalistaflokksins henni best, 23 prósent Viðreisnarfólks, 16 prósent Pírata og 11 prósent Framsóknarmanna.

Katrín er enn sá formaður sem nýtur mests stuðnings innan eigin flokks, 90 prósent kjósenda VG treysta henni best. Katrín nýtur einnig stuðnings 15 prósent Sjálfstæðismanna, 14 prósent Sósíalista og 13 prósent Framsóknarmanna.

72 prósent Sjálfstæðismanna treysta Bjarna best. Hann hefur nær

Svör þeirra sem tóku afstöðu



- Krístúr Frostadóttir
- Katrín Jakobsdóttir
- Bjarni Benediktsson
- Sigurður Ingi Jóhannsson
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
- Halldóra Mogensen
- Inga Sæland
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

engan stuðning út fyrir flokkinn, nema 7 prósent hjá kjósendum Miðflokksins.

Þá treysta 9 prósent Framsóknarmanna Þorgerði Katrínu best, 7 prósent kjósenda Flokks fólksins treysta Sigmundi Davíð best og 5 prósent Sjálfstæðismanna treysta Ingu Sæland best.

Litill munur er á trausti eftir kynjum nema hjá Katrínu. 23 prósent kvenna treysta henni best en 13 prósent karla. Krístrún, Bjarni, Sigurður Ingi, Halldóra, Þorgerður og Sigmundur Davíð hafa öll litlu meiri stuðning karla en kvenna. Inga Sæland nýtur örlítið meiri kvenhylli.

Katrín er sá formaður sem nýtur mests fylgis ungs fólks, það er 22 prósent kjósenda undir 25 ára aldri. Krístrún Frostadóttir hefur hins vegar mestan stuðning hjá kjósendum 55 ára og eldri, slétt 30 prósent.

Á landsbyggðinni treysta 18 prósent Sigurði Inga best en aðeins 8 prósent á höfuðborgarsvæðinu. 13 prósent á höfuðborgarsvæðinu treysta Halldóru í Pírötum best en aðeins 2 prósent landsbyggðarfólks.

Könnunin var netkönnun, framkvæmd 14. til 17. nóvember. Úrtakið var 2.600 og svarhlutfallið 51,3 prósent. ■



Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað í dag klukkan fimm. Milli klukkan sex og sjö koma fram Klara Elías sem flytur nýtt jólagagn sitt og önnur lög, Karlakórin Prestir og Lúðrasveit Hafnarfjarðar. Ljósín á jólatrénu frá vinabænum Cuxhaven verða tendruð. Þau voru prufukeyrð í gær og allt leit vel út. **SJÁ SIÐU 30**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ID.BUZZ

er mættur! @





Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/idbuzz

ORIG. WAN KENOBI

Original series now streaming on Disney+

Pantaðu þinn Volkswagen ID.Buzz núna.





Stafrænt aðgengi

ragnarjon@frettabladid.is

SAMFÉLAG Persónulegir talsmenn fatlaðra einstaklinga geta nú fengið aðgang að pósthólfum skjölstæðinga sinna á Mínun síðum á Ísland.is.

Aðgengi fatlaðra að rafrænum gagnagrunni Ísland.is hafði áður verið til umfjöllunar hjá Fréttablaðinu en þá var staðan sú að talsmenn höfðu ekki leyfi til þess að aðstoða skjölstæðinga sína við að taka á móti mikilvægum skjölum frá ríkisstofnunum sem gerði stafrænt aðgengi þeirra takmarkað.



Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Stafræns Íslands

Með þeim breytingum sem kynntar voru af félags- og vinnu- markaðsráðuneytinu og Stafrænu Íslandi verður talsmönnum nú gert kleift að skrá sig inn með sínum eigin rafrænu skilríkjum fyrir hönd umbjóðanda, á grundvelli samnings þeirra á milli.

„Við eigum að gera allt sem við getum til að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fatlað fólk mætir í hinum stafræna heimi,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem kynnti breytinguna ásamt Andra Heiðari Kristinssyni, framkvæmdastjóra Stafræns Íslands. ■

Laddi gerður ódauðlegur



Hinn eini sanni Laddi var í gærkvöld heiðraður af Hafnarfjarðarbæ með svokölluðum Hjartasteini við Bæjarbíó. Nánustu vinir og fjölskylda Ladda voru viðstödd er steinninn var afhjúpaður. Þeirra á meðal var annar Hafnfirðingur sem hefur hlotið þessa sömu viðurkenningu, Björgvin Halldórsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Forysta KSÍ verður á opunarleik HM

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Þriggja manna nefnd á vegum KSÍ verður viðstödd opunarleik lokakeppni Heimsmeistarameðalsins í knattspyrnu sem fer fram á sunnudaginn í Doha, höfuðborg Katar. Þetta staðfesti Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, í samtali við Fréttablaðið.

Vanda, Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, og Jörundur Áki Sveinsson, nýráðinn yfirmaður knattspyrnumála hjá sambandinu, verða viðstödd opunarleikinn sem verður milli heimamanna í Katar og Ekvador á Al Bayt-vellinum næstkomandi sunnudagskvöld.

„FIFA er að bjóða knattspyrnusamböndum, þar á meðal KSÍ, á fund í tengslum við mótið sem heitir Fifa Football Summit. Hluti af því er meðal annars opunarleikur



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

mótsins,“ segir Vanda sem ætlar að nýta tækifærið og funda með knattspyrnuvirkum annarra aðildarríkja.

„Í tengslum við þennan fund er á dagskrá okkar að funda með knattspyrnusamböndum. Albanía hefur óskað eftir viðræðum við okkur og við höfum óskað eftir fundi með knattspyrnuvirkum í Sáði-Arabíu,“ segir Vanda. ■

Happy-hour á sálmastund í Ölhúsinu í Grafarvoginum

Síðar í dag fer fram viðburðurinn Sálmur og bjór á vegum Grafarvogskirkju. Tilefnið er útgáfa nýrrar sálmabókar. Sóknarpresturinn segir útgáfu sálmabókarinnar vera stórvíðburð í kirkjunni.

sigurjon@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG „Þetta fyrirbæri og þessi viðburður, Sálmur og bjór, er mjög þekkt í til dæmis Bandaríkjunum. Það er þó nokkuð algengt í kirkjum þar að fólk komi saman á pöbbum og syngi sálma saman,“ segir séra Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogi.

Viðburðurinn verður í Ölhúsinu í Grafarvogi á milli klukkan fimm og sjö í kvöld. Guðrún segir tíma- setninguna frábæra því fólk geti síðan farið heim og búið til föstudagspitsuna.

„Það er einn alvöru hverfispöbb í Grafarvogi. Þau tóku vel í þetta og ætla að vera með happy-hour á meðan við erum þarna,“ segir Guðrún sem kveður viðbrögðin og áhugann mikinn.

„Fólk hefur tekið mjög vel í þetta, alveg virkilega vel. Þannig að ég vona að það verði alveg fullt af fólki,“ segir Guðrún og bætir við að allir séu velkomnir, ekki aðeins Grafarvogsbúar. „Þetta er risastór pöbb, öll sem hafa áhuga eru velkomin.“

Guðrún segir að sálmisöngur og bjórdrykkja fari vel saman. Það séu þó engin skilyrði að drekka bjór á viðburðinum, sem er ekki sá fyrsti sinnar tegundar hérlandis. Guðrún segist vita af tveimur áður.

„Nýlega var Dómkirkjan með svona viðburð og þau héldu það í 12 Tónum og svo veit ég að Lang-



Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur og Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti munu syngja gamla og nýja sálma á Ölhúsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Við vonum að fólk taki undir og syngi með.

Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju

holtskirkja hefur verið með þetta í safnaðarsalnum hjá sér,“ segir hún.

Búast má við hressilegri stemningu að sögn Guðrúnar. Valdir hafi verið gamlir og nýir sálmar sem verði sungnir. Einnig verði tekið á móti uppástungum úr sal.

„Við erum búin að velja gamla sálma sem margir kunna, splunkunýja og flotta sálma og svo sálma sem hafa verið þekktir í svolitinn tíma en ekki verið í sálmabókinni en eru komnir þangað núna,“ segir Guðrún.

Þá eru margir sálmarnir þekktir úr brúðkaupum og jarðarförum.

„Það er nefnilega einhvern veginn alltaf þannig að bestu sálmarnir, þeir enda oft sem svona jarðarfararsálmar,“ segir Guðrún.

Báðir organistar kirkjunnar verða á staðnum ásamt báðum kórum Grafarvogskirkju og karlakór Grafarvogs, sem mun sjá um forsönginn. „Við vonum að fólk taki undir og syngi með,“ segir Guðrún. ■

BROSTU Í SKAMMDEGINU

Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum

2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót í hverju hylki

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

D-vítamín

Kröftug burnirót & d-vítamín 2000 AE
ORKUBLANDA
60 HYLKI/FAÐUBÓTAREFNI


RAFRÆNT ÓSKASKRÍN BEINT Í SÍMANN

**Það hefur aldrei verið
einfaldara að gleðja
starfsfólkið!**

**Óskaskrín í öskju eða rafrænt Óskaskrín
beint í símann.**

Rafræn Óskaskrín eru send með tölvupósti til viðtakanda.
Getum sérhannað tölvupóstinn og rafræna gjafakortið.
Bjóðum líka sérmerktar öskjur fyrir fyrirtækjagjafir
með merki, lit og persónulegri kveðju frá fyrirtækinu.

NÝTT



 Óskaskrín



Á vettvangi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lést í eldsvoða

gar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Karlmaður lést er kviknaði í húsbíl við Lönsbraut í Hafnarfirði undir morgun í gær. Billinn var alelda er slökkvilið og lögreglu bar að. Kom fram í tilkynningu frá lögreglu að hinn látni hefði verið einn í bílnum.

Við Lönsbraut er atvinnu- og iðn- aðarhúsnæði.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu, sagði í gær að ekki væri talið að eldurinn hefði kviknað með saknæmum hætti en að allir þræðir væru skoðaðir. ■



Flest leyfin eru í byggingariðnaði.

Fimmtán hundruð fengið leyfi vegna skorts

kristinnhaukur@frettabladid.is

ATVINNULÍF 1.475 útlendingar hafa fengið tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli undanfarin fimm ár. Þetta kemur fram í svari Guðmundar Inga Guðbrandssonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Arndísar Önnu Kristínardóttur, þingmanns Pírata.

Flest starfsfólkið er verkafólk í iðnaði og fiskvinnslu, alls 357 talsins. Þar á eftir kemur sérhæft starfsfólk í matvælaíðnaði, 229 talsins, og þar á eftir starfsfólk í umönnun, 171. Í öðrum greinum er fjöldinn undir 100.

Meðal annars hafa verið gefin út atvinnuleyfi fyrir einn forstjóra, einn háskólakennara, einn sjúkraliða, tvo fiskimenn, fjóra hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og sjö bændur. ■

Félagsmálaráðherra boðar sameiningu stofnana

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Til stendur að sameina Vinnumálastofnun og Fjölmennningarsetur í eina stofnun. Stofnunin hefur ekki enn fengið nafn.

Starfsfólk á báðum stöðum hefur verið upplýst um fyrirætlanirnar, sem og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar en Fjölmennningarsetur er þar. Vinnumálastofnun hefur höfuð-

stöðvar í Reykjavík en starfar á tíu stöðum um land allt.

„Markmið sameiningarinnar er að veita á einum stað heildræna og samþætta þjónustu fyrir innflytjendur, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd,“ segir í fréttatilkynningu sem félagsmálaráðuneytið setti saman eftir að Fréttablaðið spurðist fyrir um málið.

Óvist er hvar hin sameinaða stofnun mun hafa höfuðstöðvar eða hver



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félagsmálaráðherra

mun stýra henni. Núverandi forstjóri Vinnumálastofnunar er Unnur Sverrisdóttir og Nicole Leigh Mosty, fyrrverandi þingmaður Bjartrar

framtiðar, stýrir Fjölmennningarsetri.

Hjá Vinnumálastofnun eru um 190 fastráðnir starfsmenn og hjá Fjölmennningarsetri eru tíu stöðugildi. „Er gert ráð fyrir að fastráðnu starfsfólki beggja stofnana verði boðin vinna hjá sameinaðri stofnun,“ segir í fréttatilkynningu ráðuneytisins. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmálaráðherra muni leggja fram frumvarp á Alþingi vegna málsins eftir áramót. ■

Virðist stefna í metár fárra gjaldþrota

Að óbreyttu munu gjaldþrot á árinu verða innan við 350 talsins, en frá bankahruninu árið 2008 hafa þau aldrei verið færri en 588. Covid-faraldurinn hefur ekki enn skapað holskeflu gjaldþrota.

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Gjaldþrot fyrirtækja eru í algjöru lágmarki og það stefnir í metár. Frá janúar til september voru aðeins 259 gjaldþrot og með þessu áframhaldi verða þau innan við 350 á árinu. Frá árinu 2008 hafa þau aldrei verið færri en 588 og yfirleitt á bilinu 700 til 1.000.

„Þegar viðsnúningurinn í hagkerfinu er svona hraður er eðlilegt að gjaldþrotum fækki,“ segir Konráð S. Guðjónsson, efnahagsráðgjafi Samtaka atvinnulífsins.

Gjaldþrot eru þó ekki rauntímamælingar á stöðu efnahagsins. Þessi litli fjöldi gjaldþrota endurspeglar að einhverju leyti hvernig fjármögnunarumhverfi fyrirtækja var á síðasta ári og snemma á þessu ári. Verðbólga og vextir hafa rokið upp á þessu ári.

„Í fyrra var tiltölulega lítil verðbólga, krónan var að styrkjast, vextir voru lágir og eignaverð að hækka,“ segir Konráð. „Allt þetta styður ekki beint við grunnrekstur fyrirtækja heldur við fjármögnunina og skapaði minni kostnað en vanalega. Þetta er hins vegar allt saman að snúast.“

Fyrir fram mætti ætla að heimsfaraldurinum fylgdi holskeflu af gjaldþrotum. Þetta hefur hins vegar ekki birst enn. Gjaldþrot voru fleiri árið 2018 heldur en 2020 og 2021. Þá var starfsmannafjöldi gjaldþrota fyrirtækja langtum meiri 2019 en ár faraldursins, það er vegna falls WOW.

„Reynslan sýnir að áhrif af föllum geta verið töluvert lengi að koma fram,“ segir Konráð. Aldrei hafa fleiri gjaldþrot verið en 2011, 1.579 alls, en ætla má að stór hluti þeirra sé vegna bankahrunsins 2008. „Ég vona að



Það hefur verið lítið að gera hjá sýslumönnum hvað gjaldþrot fyrirtækja snertir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Það verður að teljast líklegt að gjaldþrotum muni fjölga aftur þegar þau eru í lágmarki.



Konráð S. Guðjónsson, efnahagsráðgjafi Samtaka atvinnulífsins

þau fyrirtæki sem lentu illa í faraldurinum muni jafna sig, en það er ekki hægt að útiloka að einhver þeirra muni ekki bera þess batur að þurfa að hafa lokað mánuðum saman.“

Sérlega fá gjaldþrot hafa verið í sumar og haust. Aðeins eitt var skráð í ágúst. Þetta er öfug þróun miðað við Evrópu því þar hefur gjaldþrotum fyrirtækja fjölgað, einkum á seinni helmingi þessa árs. Mest í Ungverjalandi, Spáni og Frakklandi.

Konráð á von á verri tíð hvað fjölða gjaldþrota snertir. Fyrir utan verri efnahagshorfur megi alltaf búast við því að tölur dali þegar met sé sett. „Það verður að teljast líklegt að gjaldþrotum muni fjölga aftur þegar þau eru í lágmarki.“ ■

Gjaldþrot fyrirtækja

2008	748
2009	910
2010	984
2011	1.579
2012	1.112
2013	920
2014	799
2015	588
2016	1.030
2017	758
2018	1.026
2019	806
2020	765
2021	957
2022	350?



Gjafakort í Bæjarbíó er góð gjöf

Öllum gjafabréfum 15.000 kr og hærri fylgja 2 frídrykkir

Gerum tilboð í stærri fyrirtækja pantanir á gjafakort@bbio.is

Allar nánari upplýsingar í síma 665-0901

Í HJARTA HAFNARFJARÐAR



Meira af jólatöfrum

HAGKAUP

Tilboð gilda út 20. nóvember



Himmerland nauta Ribeye
Verð áður 8.999

6.749 kr/kg



Grill hamborgarinn
2 x 130 g
Verð áður 899

719 kr/pk



Vici Dumplings 400 g
Verð áður 449

399 kr/pk



Smjer alvöru sósa fyrir sælkera

1.099 kr/stk



Jólamos nýr jóladrykkur frá Öglu
Verð áður 349

299 kr/stk



Ný uppskera! Robin klementínur 2,3 kg

979 kr/pk

Hluthafafundur

Verður haldinn föstudaginn 25. nóvember á skrifstofu félagsins að Skarfagörðum 4 og hefst kl. 16.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- Tillaga um heimild til hækkunar hlutafjár með útgáfu nýrra hluta.

Verði tillagan samþykkt er stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um kr. 145.000.000 að nafnvirði, annars vegar vegna kaupa félagsins á öllu hlutafé Holding Cage I AS, sem er eigandi 100% hlutafjár í Mørenot AS og hins vegar í tengslum við fyrirætlanir um að óska eftir töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ á Íslandi og í því skyni að greiða niður skuldir Mørenot og fjármagna fjárfestingar félagsins þannig að samlegðaráhrif vegna kaupa á félaginu séu nýtt. Hluthafar falla jafnframt frá forgangsrétti sínum til áskriftar á hinu nýja hlutafé. Verður heimildin tekin upp í samþykktir félagsins og veitt til 18 mánaða frá dagsetningu hluthafafundarins.

- Önnur mál, löglega fram borin.

Nánar um fundarsókn og atkvæðagreiðslu:

Hluthafar sem eru eignaskráðir hluthafar skv. hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfa-miðstöð fer fram tveimur dögum eftir viðskiptin og því er mælt til þess að síðasti viðskiptadagur sé þann 23. nóvember 2022, vilji hluthafi beita réttindum sínum á fundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Endanleg dagskrá, fundarboðun og tillögur auk annarra upplýsinga um hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins hampidjan.is.

Tillaga um heimild til hækkunar hlutafjár í tengslum við kaup Hampiðjunnar á Mørenot samstæðunni. Stjórn leggur til að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

„Hluthafafundur Hampiðjunnar hf. haldinn 25.11. 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins að nafnvirði um allt að kr. 145.000.000, úr kr. 500.000.000 að nafnvirði í allt að kr. 645.000.000 að nafnvirði, svo sem nánar greinir hér að neðan:

a) Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé, í einu lagi, um allt að kr. 50.981.049, að nafnvirði, í tengslum við kaup Hampiðjunnar á Holding Cage I AS, sem er eigandi 100% hlutafjár í Mørenot AS og öðrum dótturfélögum innan Mørenot samstæðunnar. Áskriftargengi hinna nýju hluta verður 112 fyrir hvern nafnvirðishlut í samræmi við ákvæði í kaupsamningi um kaup Hampiðjunnar á Holding Cage I AS þar sem gert er ráð fyrir að greitt verði fyrir hina nýju hluti með skuldajöfnuði.

b) Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ á Íslandi, en hlutabréf félagsins eru nú til viðskipta á First North markaði NASDAQ, og auka hlutafé félagsins samhliða, í einu lagi eða áföngum, um allt að kr. 94.018.951 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í því skyni að greiða niður skuldir Mørenot og fjármagna fjárfestingar félagsins þannig að samlegðaráhrif vegna kaupanna séu nýtt. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi hlutanna og sölureglur hverju sinni. Skal áskrift í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykktar félagsins og V. kafla laga um hlutafélög.

Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar á hinu nýja hlutafé.

Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningar-degi, þó skulu hinir nýju hlutir sem tilkomnir eru vegna greiðslu fyrir hlutaféð í Holding Cage I AS njóta arðsréttinda og forgangsréttar til áskriftar að nýjum hlutum í félaginu, til jafns við hluthafa, frá þeim degi sem kaupsamningur sá sem vísað er til í a-lið 1. mgr. hér að framan er orðinn skuldbindandi. Heimildir þessar skal stjórnin nýta innan 18 mánaða frá samþykkt hennar.

Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar.“

Tillögu þessa skal taka upp í nýja grein 14.1 í samþykktum félagsins. Heiti 14 greinar skal vera „Sérákvæði um hlutafjárhækkunar og fleira“.

Stjórn Hampiðjunnar hf.



Niðurstöður könnunar á húsnaðisstöðu fatlaðs fólks voru kynntar fyrir almenningi í Stakkahlíð í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tólf prósent öryrkja greiða þrjá fjórðu tekna í húsnaði

Öryrkjabandalag Íslands kynnti í gær niðurstöður könnunar á húsnaðisstöðu fatlaðs fólks. Tólf prósent öryrkja greiða 75 prósent launa sinna í rekstur húsnaðis.

benediktarnar@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Málefnaþing Öryrkjabandalags Íslands um húsnaðismál og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands stóðu að rannsókni til að kanna stöðu fatlaðs fólks á húsnaðismarkaði. Um er að ræða fyrstu rannsókn sinnar tegundar, þar sem aðrar líkar kannanir hafa almennt ekki náð til nægjanlega breiðs hóps öryrkja til að hægt væri að fá rétta mynd af stöðunni.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, nýdoktor og sérfræðingur hjá Félagsvísindastofnun HÍ, kynnti niðurstöður könnunarinnar í gær. Hún segir að öryrkjar sem eiga sitt eigið húsnaði séu töluvert ánægðari með búsetuskilyrði sín heldur en þeir sem eru á leigumarkaði. Eina meginástæða fyrir þeirri óánægju má rekja til hás leiguverðs á Íslandi í dag en samkvæmt könnuninni fer stór hluti ráðstöfunartekna aðila á leigumarkaði í rekstur húsnaðis.

„Þetta er stór hópur sem er ósáttur við búsetuskilyrðin sín. Það er líka fyrst og fremst fólk sem er á

leigumarkaði sem er ósátt á meðan fólk sem býr í eigin húsnaði er mun ánægðara,“ segir Ásdís.

Af þátttakendum í könnuninni bjuggu 58 prósent í eigin húsnaði, á meðan 15 prósent bjuggu í leigumarkaði á almennum leigumarkaði. Um 41 prósent var mjög sátt við búsetuskilyrði sín, á meðan 16 prósent voru annaðhvort frekar ósátt eða mjög ósátt.

Þá eru 58 prósent af þeim sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnaði búin að biða lengur en í þrjú ár.

„Öryrkjar eru mjög fjölbreyttur hópur, þannig að það er ekki hægt að setja alla undir sama hatt. Það er stór hópur öryrkja sem býr í eigin húsnaði. Við sjáum líka að sá hópur er aðeins ólíkur þeim sem býr í leigumarkaði,“ segir Ásdís.

Þegar spurt var um hversu hátt hlutfall útborgaðra launa færi í rekstur húsnaðis sögðu 45 prósent að allt að helmingur launa færi í rekstur húsnaðis. Þá vekur athygli að 12 prósent sögðu að meira en 75 prósent launa færu í að reka húsnaði sitt.

„Fólkið sem býr í eigin húsnaði er gjarnan fólk sem er í sambúð og þá eru tvær manneskjur að greiða af rekstri húsnaðis. Þetta er oft fólk sem hefur farið í gegnum örorkumat seinna á lífsleiðinni og eignast húsnaði áður,“ segir Ásdís og segir

”

Öryrkjar eru mjög fjölbreyttur hópur, þannig að það er ekki hægt að setja alla undir sama hatt.



Ásdís Aðalbjörg Arnalds, nýdoktor og sérfræðingur hjá Félagsvísindastofnun HÍ

þá sem eru á leigumarkaði líklegri til að búa ekki með maka heldur en þeir sem búa í eigin húsnaði. „Þeir sem eru á leigumarkaði, það er hópurinn sem býr við mjög bág kjör. Þessi hópur greiðir mjög stóran hluta ráðstöfunartekna sinna í rekstur húsnaðis,“ segir Ásdís.

Ásdís segir að ÖBÍ muni vinna með niðurstöðurnar og kynna þær vel fyrir stjórnvöldum og sveitarfélögum. „Vonandi er hægt að þrýsta á úrbætur fyrir öryrkja,“ segir Ásdís. ■

Ekki uppsagnir að svo stöddu eftir breytingar hjá Menntamálastofnun

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Örlög 55 starfsmanna Menntamálastofnunar verða óráðin fram á útmánuði. Ekki verður ráðist í uppsagnir fyrr en ný lög taka gildi. Ný stofnun sem leysa mun þá gömlu af hólmi hefur ekki hlotið nafn.

Fyrir mánuði kynnti mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, frumvarp um laga-breytingu svo setja megí á fót nýja stofnun með viðtækara hlutverk en Menntamálastofnun gegnir. Ráðherra kynnti starfsfólki Menntamálastofnunar ætlanir um að leggja hana niður.

Ráðherra boðaði breytingu á lagaumhverfi svo hægt yrði að setja á stofn nýja þjónustumiðstöð fyrir skólakerfi landsins á öllum stigum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búist við að fjöldi starfsmanna missi vinnuna.

”

Það hefur skort á meiri samvinnu við kennara og við hyggjumst breyta því.



Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstöðumaður

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, nýr forstjóri Menntamálastofnunar, staðfesti gær að það yrði ekki fyrr en eftir að frumvarpið um nýju stofnunina yrði samþykkt á Alþingi sem ráðist yrði í mannabreytingar. Þá sagði Þórdís Jóna að nafn nýju stofnunarinnar lægi enn ekki fyrir. Það yrði ákveðið með samráði síðar.

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir fundi í vikunni um heildstæða skólaþjónustu. Kom fram að margar afdrifaríkar ákvarðanir hefðu á umliðnum árum verið teknar í menntakerfinu, eitt dæmi er skóli án aðgreiningar og annað dæmi ný aðalnámskrá. Þessar ákvarðanir hafa verið teknar án viðunandi aðkomu skólasamfélagsins, að sögn Þórdísar Jónu.

„Það hefur skort á meiri samvinnu við kennara og við hyggjumst breyta því,“ segir Þórdís Jóna. ■

TAKMARKAÐ MAGN!

SIXT



801303

Mitsubishi Eclipse - 2021
22.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.490.000 kr.
Tilboð: 5.190.000 kr.



801298

Opel Corsa-E - 2016
140.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 990.000 kr.
Tilboð: 790.000 kr.



800042

Opel Insignia Cosmo - 2016
116.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.590.000 kr.
Tilboð: 2.290.000 kr.



801040

Renault Captur - 2018
89.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000 kr.
Tilboð: 2.190.000 kr.



591787

Toyota Landcruiser - 2021
33.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 11.490.000 kr.
Tilboð: 10.990.000 kr.

LÆKKAÐ VERÐ SÚPERDAGAR FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA!



592010

SsangYong Tivoli Dlx - 2019
79.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.790.000 kr.
Tilboð: 2.490.000 kr.



801307

Renault Captur - 2021
64.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000 kr.
Tilboð: 4.090.000 kr.



801198

Opel Corsa - 2016
153.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 890.000 kr.
Tilboð: 690.000 kr.



120930

Opel Crossland X - 2019
73.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000 kr.
Tilboð: 2.690.000 kr.



980194

Opel Grandland X - 2019
63.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000 kr.
Tilboð: 2.790.000 kr.



120999

Chevrolet Cruze - 2016
152.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 890.000 kr.
Tilboð: 690.000 kr.



980286

Jeep Compass - 2022
12.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 7.690.000 kr.
Tilboð: 6.990.000 kr.



136006

Toyota C-HR - 2021
44.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000 kr.
Tilboð: 4.490.000 kr.



980303

SsangYong Rexton - 2021
26.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 7.990.000 kr.
Tilboð: 7.590.000 kr.



980313

Hyundai Tucson - 2021
52.000 km. - Hybrid - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000 kr.
Tilboð: 5.790.000 kr.



269009

Suzuki Baleno - 2019
93.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 1.690.000 kr.
Tilboð: 1.490.000 kr.



163543

Opel Crossland X - 2021
54.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000 kr.
Tilboð: 2.990.000 kr.



598149

Chevrolet Spark - 2016
79.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 750.000 kr.
Tilboð: 550.000 kr.



591964

Opel Insignia - 2016
67.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 2.790.000 kr.
Tilboð: 2.590.000



800948

Opel Corsa Enjoy - 2018
60.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000 kr.
Tilboð: 1.790.000



121007

Toyota Yaris - 2018
80.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 1.590.000 kr.
Tilboð: 1.390.000 kr.



121011

SsangYong Korando - 2016
133.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 1.690.000 kr.
Tilboð: 1.490.000 kr.



130821

Nissan Juke - 2020
60.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000 kr.
Tilboð: 3.190.000 kr.



Reykjavík
Krókháls 9
590 2035
Opíð virka daga frá 9 - 17
Laugardaga frá 12 - 16

Bilasala Suðurnesja Reykjaneshæ
Njarðarbraut 9
420 9100
Opíð virka daga frá 9 - 17

Bílabankinn
Krókháls 7
588 0700
Opíð virka daga frá 10 - 18
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

BÍLALEIGUBÍLAR Á MÖGNUM KJÖRUM! | MEIRA ÚRVAL Á SIXTBILASALA.IS



Tólf af Brynjólfi VE-3 missa starfið.

Uppsagnir í Eyjum

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta var óhjákvæmilegt, skipið er gamalt og miklar bilanir í því, það varð að taka enda,“ segir forstjóri Vinnslustöðvarinnar, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson.

Stjórnendur Vinnslustöðvarinnar ætla að hætta að gera út Brynjólf VE-3 og hefur tólf manns í áhöfn verið sagt upp störfum, auk þess sem ákvörðunin varðar hag fleiri starfsmanna, að sögn Sigurgeirs Brynjars.

„Við buðum nokkrum úr hópnum pláss í gær og þeir hugsa málið. Við aðra sögðum við að þeir yrðu á lista yfir afleysingar í öðrum bátum, menn geta unnið sig inn aftur. Svo er það eins og gengur að aðrir færa sig til,“ segir Sigurgeir Brynjar. ■

Krónan hriðfellur

bth@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Íslendingur sem fór í utanlandsferð í byrjun júní og greiddi með evrum úti í ferðinni þurfti að reiða út rúmar 136 krónur fyrir hverja evru.

Sá sem heldur utan á morgun þarf aftur á móti að greiða heilar 150 íslenskar krónur fyrir hverja evru. Í prósentum er veiking krónunnar um níu prósent.

Þetta þýðir að hótél sem kostaði í Evrópu á gengi krónunnar 100.000 krónur snemmsumars kostar nálægt 110.000 krónum nú. ■

Útgerðarmenn búi við stöðuga ógn

Forstjóri Vinnslustöðvarinnar segir erfið skilyrði, óvissu og skattlagningu standa í vegi fyrir sjávarútvegi. Fyrrverandi þingmaður kallar viðhorf stóreignamanna „klikkuð“.

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR „Það er ekki að ástæðulausu sem fyrirtækjum fækkar í sjávarútvegi, einstaklingar í útgerð, sem eiga allt sitt undir pólitíkinni, lifa í stöðugri ógn við að kerfinu verði breytt eða að þeir verði skattlagðir meira,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson í Vinnslustöðinni.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að útgerðarmenn upplifi að þeir séu „vondi karlinn“ í umræðu og viðhorfum samfélagsins. Alþingismenn séu til vandræða og oft rangar fréttir í fjölmiðlum.

Hið síðastnefnda er ein niðurstaða nýrrar rannsóknar sem Kristján Vigfússon, kennari í HR, hefur unnið. Rannsóknin sýnir að útgerðarmenn upplifa umhverfi sitt að mörgu leyti fjandsamlegt. Ein ástæða þess að kvótinn sé á færra höndum sé að minni aðilar selji fyrir þingkosningar af ótta við að kerfinu verði breytt.

Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður og meðstjórnandi í smábátafélaginu Drangey, kallar þá upplifun útgerðarmanna „klikkaða“ að þeir „væli“ undan erfiðum skilyrðum í greininni þegar hið öndverða sé staðreynd og smjör drjúpi af hverju stráfi flestra stórra útgerðarfélaga.

„Þetta er klikkuð upplifun, en þeir syngja að því er virðist sama lagið og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, söng á fundi með Svandísi Svavarsdóttur,“ segir Sigurjón. „Þorsteinn trúir því að hann sé fórnarlamb. Hann lenti í því að greiða mútur vegna kúltúrsins í Afríku, síðan hefur hann orðið illilega fyrir barðinu á RÚV, Seðlabankanum og Jóhannesi Stefánssyni.“

Sigurgeir Brynjar segir að sá sem hafi hug á að starfa í sjávarútvegi



Ekki eru allir sammála því að útgerðarmönnum sé vorkunn eins og þeir vilja vera láta.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Þeir syngja að því er virðist sama lagið og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, söng á fundi með Svandísi Svavarsdóttur.“



Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, forstjóri Vinnslustöðvarinnar

hljóti að hugsa sig tvisvar um, enda sé greinin í þeirri stöðu að stjórnmaðamenn hafi mestan áhuga á að þrengja að útgerðinni. Þá stjórnblaðamenn umræðunni, oft á kostnað útgerðarinnar.

„Fólk er annars vegar að flyja greinina og hins vegar þorir nýtt fólk ekki að koma inn. Þú fjárfestir ekki í atvinnugrein þar sem umhverfið er neikvætt,“ segir Sigurgeir Brynjar.

Spurður hvort útgerðarmenn séu

ekki einn stöndugasti hópur landsins, sem af augljósum orsökum sé umdeildur vegna framsalsins og mála líkt og fyrirfram arfs barna útgerðarmanna upp á tugi milljarða, spyr Sigurgeir Brynjar á móti hvort einhver munur sé á því að erfa útgerðarmann eða stórkaupmann.

Um það hvort umdeilanleikinn tengist því að um ræði ágóða af sameiginlegri auðlind landsmanna þar sem ekki ríki sátt um kerfi, svarar Sigurgeir Brynjar að hann sjái engan mun á að barn erfi útgerðarmann eða barn erfi mann sem hafi auðgast af sölu upplýsingatækni-fyrirtækis, manns sem hafi í krafti menntunar og þekkingar í íslensku menntakerfi einnig notið sameiginlegrar auðlindar.

„Báðir hafa lagt sitt af mörkum til að byggja auð og velferð samfélagsins.“ ■

EIGA LÍFEYRISÞEGAR AÐ BORGA FYRIR MISTÖK STJÓRNMÁLAMANNA? ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR



Opinn morgunverðarfundur á Hótel Natura (Loftleiðum) þriðjudaginn 22. nóvember kl. 8.15

Fundarstjóri Krístrún Heimisdóttir

Morgunverður í boði samtakanna frá kl. 7.45



Vilhjálmur Bjarnason
– hvað gerðist eiginlega?

Þorsteinn Pálsson
– pólitísk og siðferðileg gildi



Bolli Héðinsson
– valkostirnir

Allir velkomnir!

Samtök sparifjäreigenda

Áhyggjur af pestum á rökum reistar

odduraevar@frettabladid.is

HEILBRIGÐSMÁL Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að þær pestir sem nú gangi manna á milli, sérstaklega á milli barna, séu fleiri en áður á þessum árstíma.

„Það er mjög mikið um pestir í dag. Þetta er inflúensan og aðrar öndunarfærasýkingar og svo gengur ælupestin mikið núna. Þannig að það er mikið um veikindi og við verðum sannarlega vör við það,“ segir Óskar.

Bláðið hefur undir höndum bréf frá skólayfirvöldum til foreldra í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þar segir að borist hafi fyrirsurnir frá þó nokkrum áhyggjufullum foreldrum sem velta fyrir sér þessum miklu veikindum meðal barna sinna þetta haustið. Segir í bréfinu að um sé að ræða ástand í mörgum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem börn fái pest ofan í pest.

Óskar segir að auk þess sé mikið um veikindi hjá starfsfólki. „Það munar miklu á hverjum stað þegar tveir til þrír geta ekki mætt til vinnu,“ segir hann. Aðspurður segir Óskar að hann geti fallist á það að það séu fleiri pestir að ganga nú í nóvembermánuði heldur en áður.

„Við upplifum þetta meira en venjulega,“ segir Óskar og bætir því við að hið gamalkunna ráð eigi við nú líkt og áður: „Ekki mæta strax til okkar, nýtið netspjallið á Heilsu-

„Ónæmiskerfið er aðeins í skuld.“



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

veru og hringið frekar í okkur í upplýsingamiðstöðinni í 513-1700.“

Aðspurður hvort svo mikill fjöldi pesta sé nýr veruleiki, segir Óskar: „Oft eftir röleg ár þá koma erfið og erfiðari ár. Það byggir á því væntanlega að ónæmiskerfið er aðeins í skuld og við erum ekki alveg búnin að halda okkur í eins góðri þjálfun að bregðast við sýkingum eins og í venjulegu árferði,“ segir Óskar, sem segir langflestja jafna sig á veikindum heima og vonandi verði veikindi ekki alvarlegri í ár en áður. ■



Ný sending af skíðavörum

30-50% afsláttur
af eldri gerðum



Head V-Shape VR Skíðapakki
Skíði, bindingar og skíðaskór
~~100.990,-~~ **75.743,-**
25% afsláttur



Head Supershape Team
barnaskíðapakki
Skíði, bindingar og skór
Verð frá 34.943,-
25% afsláttur



Head Easy Joy skíðapakki
Skíði, bindingar og skór
~~100.990,-~~ **75.743,-**
25% afsláttur



Fischer gönguskíðapakki
Skinskíði, bindingar, skór og stafir
Verð frá 55.188,-
20% afsláttur



Everest

Mál í hættu



Garðar Örn
Úlfarsson
gar
@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu er giftusamlega afstaðinn með veitingu verðskuldaðra viðurkenninga. Það er alls ekki sjálfsagt mál að enn sé töluð íslenska í landinu, en fyrir einbeittan ásetning þjóðarinnar er staðinn vörður um móðurmál okkar og það varið með kjafti og klóm.

Hagræn áhrif þess að fella niður virðisaukaskatt af bókum voru til umfjöllunar í skýrslu sem út kom á vegum stjórnvalda í mars 2018.

„Íslenskt mál og menning eiga undir högg að sækja. Ísland er örland sem býr við vaxandi ágangni frá mannhafi og menningu umheimsins. Við Íslendingar þurfum að hafa okkur alla við til að tungumál okkar og menning týnist ekki í hinum mikla suðupotti alþjóðlegrar menningar,“ var stöðunni lýst í skýrslunni.

Enn fremur sagði í skýrslunni að vegna smæðar íslensku þjóðarinnar í samanburði við umheiminn væri varðveisla og efling íslenskrar menningar barátta sem engan enda tæki.

„Reynsla okkar og annarra sýnir þó að unnt er að halda sjó í þeirri baráttu og jafnvel vel það, ef viljinn er fyrir hendi. Hins vegar sýnist líklegt að til að það megi takast þurfi að taka röklegla til hendingu á mörgum sviðum,“ var ítrekað í skýrslunni.

Vikið er að mikilvægi bóka í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi árið 2018 í aðdraganda þess að virðisaukaskattur á bækur var lækkaður niður í 11 prósent eftir að hafa verið hækkaður árið 2014. Þar er tekið í svipaðan streng og í fyrrnefndri skýrslu.

„Öflug útgáfa á frumsömdu og þýddu fræðslu- og kennslu efni á öllum skólastigum er nauðsynleg til að styrkja innlent fræðastarf og auðga íslenska tungu af hugtökum og íðordum á öllum sviðum,“ sagði í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram af þingmönnum allra flokka á Alþingi.

Fjölmiðlar á Íslandi eru margir og margvíslegir. Langflestir þeirra byggja starfsemi sína á íslenskri tungu þótt tilhögun rekstrarins sé með mismunandi hætti. Hugsanlega ættu velunnarar íslenskrar tungu sem halda til nærri fjárhirslum ríkisins að huga nánar að þessu.

„Ýmislegt bendir til þess að almennu læsi í landinu fari hrakandi. Sé það rétt getur það haft afar skaðvænleg áhrif á hagsæld þjóðarinnar í framtíðinni,“ er undirstrikað í skýrslunni fyrrnefndu frá því í mars 2018.

Þessu virtist þingheimur sammála fyrir fjórum árum því sagt var í áðurnefndri greinargerð að stuðningur við íslenska tungu yrði seint metinn til fjár. ■

”
Hugsanlega ættu velunnarar íslenskrar tungu nærri fjárhirslum ríkisins að huga nánar að þessu.

BLACK FRIDAY HEFST Í DAG

ILVA



■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Græn jól

Allt útlit er nú fyrir að jólin, að svo miklu leyti sem þau verða einhver í ár – ein aum helgi – verði hvorki rauð né hvít, heldur græn. Veðurfarið það sem af er október og nóvember bendir enda hiklaust til þess að það vori fyrir jól, og gott ef það muni ekki heyrast jafn mikið í garðsláttuvélum og kirkjuklukkum þegar liða tekur að aftansöng jóla. Þetta ruglar auðvitað ekki bara mannfólkið í ríminu heldur lífríkið allt, en skordýr í dvala munu vera að létta svefni þessa dagana – og gott ef Lúsiuhátíðin í ár fari ekki fram inn í skýi af lúsmýi ...

Grillað

Tíðarfarið er ekki alveg í anda þess sem kaupmenn þessa lands sáu fram á þegar röskur mánuður er til jóla. Og útlit er fyrir að þeir hafi ekki pantað inn alveg réttu vöruna þegar þeir voru að spá í jólasöluna í lok sumars. En þeim er vorkunn, því eins og komið er á daginn má ætla að ekki stakasti landsmaður sé að hugsa um að kaupa á sig kulda-galla eða loðfóðraða skó, hvað þá skiði eða snjóbretti, ellegar gönguskúðanámskeið á Hellisheiði eða Húsavík. Nei, fyrstu grænu jólin eru í aðsigi á Íslandi – og því þá ekki bara að grilla úti á svölum á havaf-skyrtunni á aðfangadagskvöld? ■

Öll börn eru jöfn



Birna
Þórarinsdóttir
framkvæmda-
stjóri UNICEF
á Íslandi

„Ég var mjög þreytt, mér var kalt og ég var svöng.“ Þetta er meðal þess sem fram kom í viðtölum UNICEF á Íslandi við 31 barn sem lýsti upplifun sinni af því að hafa komið hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd á árunum 2016 til 2018, mörg þeirra ein og fylgdarlaus.

Í verkefninu HEIMA skoðaði UNICEF móttöku barna út frá sjónarhorni barnanna sjálfra.

Það eru þrjú ár síðan UNICEF kynnti niðurstöður verkefnisins, sem leiddu í ljós margvíslegar brotalamir í móttöku fylgdarlausra barna sem hingað koma í leit að betra lífi.

Síðan þá hefur sorglega lítið gerst og börnin búa áfram við úrræða- og öryggisleysi.

Nú síðast gerðist það að ungur drengur sem kom hingað sem barn var vísað úr landi örfáum mánuðum eftir 18 ára afmælið.

Við eigum að geta gert betur.

Nú á sunnudaginn, 20. nóvember, er alþjóðadagur barna, afmælisdagur Barnasáttmálans.

Samkvæmt Barnasáttmálanum, sem lögfestur hefur verið hér á landi, eru öll börn jöfn. Enn fremur segir að allar ákvarðanir eða ráðstafanir stjórnvalda er varða börn skuli byggðar á því sem börnum er fyrir bestu.

Fjöldi fylgdarlausra barna sem koma hingað til lands skiptir tugum og má ætla að sá fjöldi muni aukast á næstunni í ljósi aukins fjölda fólks á flótta um allan heim.

Þessi börn eiga rétt á umönnun, menntun, frí- stundum, öryggi, heilsugæslu og úrræðum barnaverndar þar til þau hafa fengið nægan stuðning til sjálfstæðs lífs.

Líkt og þau börn sem hér fæðast.

Mismunum er ekki í boði. Barnasáttmálinn er skýr um það að öll börn eru jöfn.

Ísland mælist sem eitt allra besta land í heimi fyrir börn. Nú stendur upp á stjórnvöld að tryggja að öll börn hér á landi njóti sinna réttinda og fái jöfn tækifæri til mannsæmandi lífs. ■

Peningar á línuna

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Í bernsku minni – en ég ólst upp á heimili stjórnmálamanns – hringdi stundum maður, sem mér skildist síðar að hafi verið vistmaður á Kleppi. Hann var snarorður, líkt og hann væri tíma-bundinn, og gekk hreint til verks í erindi sínu. Ég, örverpið, svaraði oft. Ég myndaði því smám saman við þennan mann nokkuð eftir-minnileg, en ákaflega fagleg – ef svo má að orði komast – tengsl. Jafnan það maðurinn um að fá að tala við föður minn. Þegar í ljós kom að faðir minn var ekki heima, það maðurinn undantekningar-laust um að ég kæmi til hans mjög áriðandi skilaboðum, sem mættu alls ekki klikka. Þau voru þessi: „Nennirðu að biðja pabba þinn um að leggja tvær milljónir inn á reikninginn minn núna á eftir.“ „Já, ég skal gera það,“ svaraði ég samviskusamlega. „Takk fyrir það, bless,“ sagði hann þá umsvifalaust og skellti á í snatri, líkt og hann væri á hlaup-um, sveittur á efri vör að bjarga ótal málum. Þessi símtöl voru óteljandi á vissu árabili, og nánast alltaf eins. Síðar átti eftir að sitja í mér þetta fumleysi sem einkenndi mann-inn, þessi hreinskiptni og þessi afdráttarlausu vísu hans um að svona virkaði veröldin. Ef mann vantaði pening þá bara hringdi maður í ráðherra og bæði um pening. Málið dautt. Og þetta voru alltaf, einhverra hluta vegna, tvær milljónir. Ekki ein. Ekki þrjár. Hlægilegt auðvitað. Ég átti oft eftir að segja af þessum samtölum skemmtisögur í þröngum hópi. Eins og maður geti bara hringt í ráðherra og beðið um pening?! Hvílik fjarstæða! Fólk hló. Ég hló. Svo kom auðvitað smám saman í ljós að grínið var allt á minn kostnað. Ég var ekki að fatta. Maðurinn var augljóslega með allt á hreinu. Hér var mikill snillingur á ferð. Listamaður, vil ég meina. Samfélagsrýnir í hæsta gæða-flokki. Nú hefur mér nefnilega lærst á miðjum aldri að svona virkar auðvitað veröldin víst og um það berast í fréttum óteljandi vitnis-burðir á ári hverju. Að vissum skil-yrðum uppfylltum – sé maður með réttar stjórnmálaskoðanir, rétta tengslanetið og rétta starfsheitið eins og til dæmis „fagfjárfestir“ (sem enginn veit hvað merkir) – er hægt að gera eins og vistmaðurinn á Kleppi, með einum eða öðrum hætti, og hafa bara samband við réttan ráðherra og fá góðan pening. Ef ríkið, eða þjóðin, á auðlindir hefur til dæmis íslenska leiðin verið sú að sumir fái leyfi – fyrir slíkk – til þess að nýta þær auð-lindir, hafa þær að féþúfu og hagnast duglega. Þetta hefur gagnast vel sem skilvirk aðferð til að afhenda sumum peninga. Margar aðrar leiðir eru líka til, málúmskar. Hægt er að vera verktaki eða einhvers konar fagaðili og fara langt fram yfir kostnaðaráætlanir í ríkisfram-kvæmdum og rukka samkvæmt því. Hægt er að fá að skrifa skýrslu um eitthvað, sem þegar er búið að skrifa skýrslu um. Hægt er að vera lögfræðingur og fá gott gígg við að rukka skuldir. Hægt er að vera einn af fjölmörgum ráðgjöfum við sölu á ríkiseignum eins og banka – sem

síðar á eftir að misheppnast algjör-lega, en hverjum er ekki sama – og rukka feitt. Og svo er líka hægt að vera hinum megin við borðið – ef ekki báðum megin — og vera kaupandi að ríkiseignum eins og banka og fá af þeim verulegan afslátt, sem er auðvitað frábær leið til þess að afhenda peninga, því fólk er svo lengi að sjá hvað gerðist í raun. Hvað er rétt verð? Hvað er afsláttur? Hvað er upp, hvað er

niður? Hver ert þú? Hvað er banki? Hvað er ríki? Svona mál má þæfa endalaust og fara svo hlæjandi í þann sama banka. Snilldin er slík að meira að segja vel vinstrigrænir þaulreyndir réttlætisriddarar sósíalistahug-sjónarinnar horfa á svona gjörn-inga beint fyrir framan nefið á sér – taka jafnvel þátt í þeim – og fatta ekki baun hvað er að fréttu. Margir héldu að ef Sjálfstæðisflokkurinn

væri til einhvers gagns, þá væri það helst það að hann vissi hvernig markaðir virka. Honum væri til dæmis treystandi til að selja hluta-bréf. En þetta er mikill misskiln-ingur. Flokkurinn kann listavel að gefa hlutabréf, en alls ekki selja þau. Hann hefur ekki hugmynd um hvernig á að selja þau. Ég held að margir séu einmitt núna svona í aðdraganda jólanna til í þó ekki væri nema bara núll

komma eitt prósent, oggupoggu hlut, af þessum um það bil tveimur milljörðum sem ríkisstjórnin gaf útvöldum – Bananalýðveldinu ehf. og fleirum – með sölunni á Íslands-banka. Ég sé fátt því til fyrirstöðu að sem flestir hringi í ráðherra, eða sendi honum skilaboð, og biðji hann um að leggja tvær milljónir inn á reikninginn. Núna á eftir, takk. Bless. ■

GÓÐUR LÍFSSTÍLL, BETRI HÚÐ

umhirða og æfingar • girnilegar mataruppskriftir • uppskriftir að húðvörum



Húðbókin eftir **Láru G. Sigurðardóttur** og **Sólvéigu Eiríksdóttur** hefur að geyma upplýsingar um allt sem þarf til að við-halda heilbrigði og ljóma húðarinnar



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | virka daga 10–18 | laugardaga 11–17 | sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is



Newcastle og Arsenal hafa bæði fengið 11 mörk á sig. Það er minnst allra liða.

Það góða og slæma hingað til í enska boltanum

Á venjulegu ári væri hátíð í enska boltanum næstu sex vikurnar en vegna ákvörðunar FIFA um að halda Heimsmeistaramótið í Katar er verulega langt frá í deildinni. Þetta á reyndar við um allar deildir en sú enska er eins konar þjóðaríþrótt Íslendinga.

hordur@frettabladid.is

Tímabilið í ár hefur hingað til komið nokkuð á óvart, Arsenal trónir á toppi deildarinnar og Liverpool situr í sjötta sæti. Chelsea er í vandræðum og Manchester City hefur hikstað og er fimm stigum á eftir toppliði Arsenal.

Nýliðar Fulham og Bournemouth hafa komið á óvart með góðri stigastöfnun og Nottingham er að ná vopnum sínum. Búast má við mikilli spennu en jólaklukkur enska boltans hringja inn á öðrum degi jóla. ■



Manchester City hefur skorað 40 mörk sem er 7 fleiri en næsta lið á eftir.



Cristiano Ronaldo hefur aðeins skorað eitt mark í deildinni í tíu leikjum.

Leikmenn sem hafa valdið vonbrigðum

1. **Cristiano Ronaldo** (Manchester United)
2. **Raheem Sterling** (Chelsea)
3. **Virgil van Dijk** (Liverpool)
4. **Jadon Sancho** (Manchester United)
5. **Kalidou Koulibaly** (Chelsea)

Fimm hlutir sem hafa komið á óvart

1. Frábært gengi Newcastle
2. Að Arsenal sé á toppnum
3. Að Liverpool sé í vandræðum
4. Hversu hratt Erling Haaland aðlagðist
5. Mjög slakt gengi Chelsea



Liverpool er með 9 stigum minna en eftir sama leikjafjölda í fyrra.

Staðan í deildinni

Lið	Stig	Lið	Stig
1. Arsenal	37	11. Crystal Palace	19
2. Man. City	32	12. Aston Villa	18
3. Newcastle	30	13. Leicester	17
4. Tottenham	29	14. Bournemouth	16
5. Man. Utd	26	15. Leeds	15
6. Liverpool	22	16. West Ham	14
7. Brighton	21	17. Everton	14
8. Chelsea	21	18. Nott. Forest	13
9. Fulham	19	19. Southampton	12
10. Brentford	19	20. Wolves	10

Næsta umferð

26. desember

- 12.30 Brentford - Tottenham Hotspur
- 15.00 Crystal Palace - Fulham
- 15.00 Everton - Wolverhampton Wanderers
- 15.00 Leicester City - Newcastle United
- 15.00 Southampton - Brighton & Hove Albion
- 17.30 Aston Villa - Liverpool
- 20.00 Arsenal - West Ham United

27. desember

- 17.30 Chelsea - AFC Bournemouth
- 20.00 Manchester United - Nottingham Forest

28. desember

- 20.00 Leeds United - Manchester City

Lið tímabilsins (4-3-3)

- Nick Pope (Newcastle)
- Kieran Trippier (Newcastle)
- William Saliba (Arsenal)
- Lisandro Martinez (Manchester United)
- Pervis Estupiñán (Brighton)
- Kevin De Bruyne (Manchester City)
- Martin Odegaard (Arsenal)
- James Maddison (Leicester City)
- Gabriel Martinelli (Arsenal)
- Erling Haaland (Manchester City)
- Miguel Almiron (Newcastle United)

Markahæstir

1. Erling Haaland (Man. City) **18**
2. Harry Kane (Spurs) **12**
3. Ivan Toney (Brentford) **10**
4. Aleksandar Mitrovic (Fulham) **9**
4. Rodrigo (Leeds) **9**

Stoðsendingar

1. Kevin De Bruyne (Man. City) **9**
2. Bukayo Saka (Arsenal) **6**
3. Gabriel Jesus (Arsenal) **5**
3. Alex Iwobi (Everton) **5**
3. Dejan Kulusevski (Spurs) **5**

Sendingar

1. Rodri (Man. City) **1.203**
2. Virgil van Dijk (Liverpool) **1.135**
3. Eric Dier (Spurs) **1.000**
4. João Cancelo (Man. City) **971**
5. Lewis Dunk (Brighton) **960**

Haldið hreinu

1. Nick Pope (Newcastle) **7**
1. Aaron Ramsdale (Arsenal) **7**
3. Ederson (Man. City) **6**
3. Danny Ward (Leicester) **6**
5. David de Gea (Man. Utd) **5**

Gul spjöld

1. Rúben Neves (Wolves) **6**
1. Bobby De Cordova-Reid (Fulham) **6**
1. Anthony Gordon (Everton) **6**
4. Joelinton (Newcastle) **5**
4. Rodrigo Bentancur (Spurs) **5**

Dæmdur brotlegur

1. Moisés Caicedo (Brighton) **30**
2. Ryan Yates (Nottingham F.) **28**
3. Tyler Adams (Leeds) **25**
4. Gabriel Jesus (Arsenal) **24**
4. Jeffrey Schlupp (Crystal Palace) **24**

Gul spjöld liða

1. Aston Villa **37**
2. Manchester United **37**
3. Fulham **36**
4. Nottingham Forest **36**
5. Crystal Palace **33**

Sjálfsmörk liða

1. Aston Villa **3**
2. Brighton & Hove Albion **3**
3. Bournemouth **2**
4. Brentford **2**
5. Chelsea **2**



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 18. nóvember 2022

KYNNINGARBLAÐ



Það er einfalt að föndra dagatal úr klósettrúllum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Klósettrúlludagatal

sandragudrun@frettabladid.is

Nú nálgast desember og mörg eru byrjuð að huga að jólaundirbúningi. Fyrsti sunnudagur í aðventu er um þarnæstu helgi og algengt er að þá byrji fólk að tina jólaskrautið upp úr kössunum eitt af öðru, þó að það verði sífellt algengara að byrja jafnvel enn fyrr. Heimagerð jóladagatöl njóta mikilla vinsælda og mörgum þykir þau skemmtilegri og persónulegri en dagatöl keypt úti í búð. Heimagerð jóladagatöl geta verið alla vega, sum pakka inn 24 pínulitlum gjöfum sem ástvinir þeirra geta opnað eina á dag fram að jolum. Sum föndra skemmtileg jóladagatöl sem þau fylla af ýmsu góðgæti og smágjöfum.

Einfalt að föndra

Fyrir þau sem eru óvön að föndra er einfalt að búa til jóladagatal úr klósettrúllum. Það þarf þá bara að passa að geyma rúllurnar þegar pappírinn er búinn og safna þannig 24 tónum rúllum. Þær eru svo límdar saman, fimm í röð. Fjórum röðum er svo staflað hverri ofan á aðra. Því næst eru þrjár rúllu límdar á efstu röðina, fyrir miðju og ofan á það kemur 24. rúllan. Rúllurnar er hægt að merkja með númerum líkt og sést á myndinni. Það má svo vefja jólabörða utan um rúllurnar og hengja þær á vegg. Nú eða klippa til pappakassa og búa til hús eins og á myndinni. Í hverja rúllu má svo setja litla gjöf. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILABOKA?

Fæst í helstu apótekum - www.celsus.is

Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmöt.is, segir margt fallegt vera að finna í búðinni sem sómi sér vel í jólapakkana í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dásamleg lúxus-rúmföt frá Rúmöt.is í jólapakkann

Rúmfötin frá Rúmöt.is eru ofin úr vönduðustu efnum sem gera þér sannarlega kleift að svífa mjúklega inn í draumalandið, umvafin/n hágæða silkidamaski og egypskri bómull. **2**

„Nú þegar jólin nálgast eru margir farnir að huga að jólagjöfum fyrir sína nánustu,“ segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is. „Það þarf enginn að fara í jólaköttinn því við eigum jólagjafir handa öllum, rúmföt í öllum verðflokkum og framúrskarandi gæðum.“ segir hún.

Íslensk framleiðsla

Flaggskipið hjá Rúmföt.is eru sængurföt úr silkidamaski sem Margrét Guðlaugsdóttir saumar á staðnum, en hún saumaði áður fyrir Verið, Fatabúðina og fleiri verslanir. „Silkidamaskefnið okkar er 600 þráða úr hundrað prósent egypskri bómull sem er það besta á markaðnum. Því fleiri þræðir, því finna er efnið, að því gefnu að bómullin sé hágæða,“ upp-lýsir Hildur og tyllir sér hjá Möggu saumakonu.

„Magga saumar þetta upp á gamla máatann með bendlaböndum og breiðum saumi í koddaverunum. Mynstrin eru alveg guðdómleg og hún hefur í raun ekki undan að sauma, því verin renna út eins og heitar lummur.“

Bara það besta

Í rúmfatnaðinn hjá Rúmföt.is er eingöngu notuð langþráða bómull. „Bæði silkidamaskið hjá okkur og satínið eru úr hundrað prósent bómull. Fólk heldur oft að silkidamask sé úr silki en svo er ekki. Hugtakið, eins og margir af eldri kynslóðinni þekkja það, lýsir hágæða damaski með silkikenndri áferð en tauið er oftast úr bómull.

Efnið er stundum einlitt með mynstri ofnu í og breytir um lit eftir því hvernig birtan fellur á það. Svo má líka snúa damaskinu við. Satín er aftur á móti með silkíáferð öðrum megin en matt á hinni hliðinni og því skiptir máli hvernig það snýr,“ útskýrir Hildur.

Landsins mesta úrval

Vinsælustu sængurfötin hjá Rúmföt.is eru úr 600 þráða satíni og koma í mörgum fallegum litum. „Ef svefnherbergið er litlaust má lifga upp á það með skemmtilegum rúmfötum. Það verður svo leiðigjarnt að hafa allt einlitt, þótt það sé í tísku. Það er gaman og jafnvel nauðsynlegt að setja falleg mynstur á rúmið fyrir jólin, í svartasta skammdeginu, þegar okkur vantar gleði og birtu.“

Úrvalið í Rúmföt.is er einstakt og þar má finna eitthvað fyrir alla. „Auðvitað getur verið erfitt að velja rúmföt fyrir aðra en þá er um að gera að velja eitthvað sem gripur augað, því það er ekkert mál að skipta. Síðan hafa gjafakortin okkar verið vinsæl fyrir fólk sem á erfitt með að ákveða sig. En það er ekki út af litlu úrvali heldur þvert á móti. Við erum með yfir 200 tegundir af rúmfötum og það er meira á leiðinni,“ segir Hildur.

Ítölsk rúmföt og George Clooney

„Flest efnin sem við saumum sjálf úr koma frá færustu vefurum Ítalíu. Þau eru að lágmarki úr 600 þráða silkidamaski eða satíni og úr egypskri bómull. En sú bómull þykir vera ein sú besta þegar kemur að lúxus rúmfötum. Hins vegar er egypsk bómull ekki það sama og egypsk bómull og getur gæðamunurinn verið verulegur. Vefarinn sem útvegar okkur þessu fábæru efni er stórtækur á bómullarmarkaðnum. Hann safnar til mögru árána þegar hægt er að kaupa góða bómull en bómullarplantan þarf rétt skilyrði til að verða sem best og þau eru ekki alltaf til staðar.

Við erum dálðið montin af því að við látum vefa fyrir okkur efni sem enginn annar er að selja



Rúmföt.is er að Nýbýlavegi 28. Þar eru einnig seldar sérofnar svuntur. Hér má sjá Hildi til vinstri og Möggu til hægri skarta svuntunum sem kosta 3.400 kr. MYND/ADSEND



Hágæða damaskrúmföt frá Ítalíu og Þýskalandi fást í versluninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Rúmfötin frá Rúmföt.is eru bæði falleg og það er himneskt að sofa við þau.



Falleg og litrík mynstur lifga upp á svefnherbergið. Litrík rúmföt eru ómissandi í skammdeginu í aðdraganda jólaanna. MYNDIR/ADSENDAR

rúmföt úr. Stundum hönnum við mynstrið í silkidamaskinu sjálf og síðan tekur Magga við og saumar þessi flottu rúmföt. En Magga er bara með tvær hendur og þarf að sofa. Þess vegna erum við líka í samstarfi við ítalska saumastofu sem saumar meðal annars rúmföt fyrir eitt dýrasta og flottasta hótél Ítalíu sem er frægt fyrir að vera uppáhaldshótelið hans George Clooney.“

Dúnmjúkir koddar og baðsloppar

„Síðan er gaman að segja frá því að við seljum frábæra þriggja laga

kodda úr gæsadúni en þeir hafa slegið í gegn. Hjá okkur má líka finna sængurföt úr hundrað prósent Mulberry-silki sem hefur aðra eiginleika en egypska bómullin og fer einstaklega vel með hár og húð. Svo seljum við lök í flestum stærðum og vandaða baðsloppa sem mörg hótél hafa keypt og eru á mjög góðu verði,“ segir Hildur að lokum. ■

Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28 er opin milli 12-17.30 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025, rumfot.is.



Baðslopparnir frá Rúmföt.is eru dúnmjúkir og hin fullkomna flik eftir gott bað.

Baðslopparnir koma í nokkrum litum.



Fallegt mynstur getur dimmu í dagsljós breytt. Verð 13.800 kr.



ÚRVAL AF NÁTTFÖTUM FYRIR JÓLIN

Fallegar og vandaðar vörur í stærðum 42-60
Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Curvy 



Sloppur
7.990 kr



Náttbuxur
6.990 kr



Náttbolur
5.690 kr

Náttbuxur
6.990 kr



Náttkjóll
4.990 kr



Náttkjóll
4.990 kr

Frimínútur

friminutur@frettabladid.is



Kramber loks opið

Nýr sælkera- og vínbar við Bergstaðastræti

Kaffihúsið, vínbarinn og hverfispöbbinn Kramber var opnaður í síðustu viku við mikla gleði. Staðurinn býður upp á skemmtilega smárétti og sérstaklega mælum við með sardínunum og hvítlauks-confitinu. Í hádeginu eru í boði samlokur frá Kröst sem svíkja engan.

Staðurinn er systkinastaður Kramhússins, sem er í portinu á bakvið staðinn. Á staðnum er því einstök stemning þar sem á einu borði er fólk á stefnumóti, á því næsta miðbæjarsælkerar og á því þriðja rjóðar konur nýkomnar úr danstíma í Kramhúsinu. „Þetta er blanda sem ég sé ekki hvernig getur klikkað,“ segir Baldur Kristjánsson, ljósmyndari og áhugamaður um menningu í miðbænum. Nágrannar hafa tekið staðnum fagnandi og dæsa: „Loksins eruð þið búnar að opna!“

Lísa Kristjánsdóttir og Arndís Kristjánsdóttir eru konurnar á bakvið barinn sem skenkja kátum gestum veigar. Við óskum Disu og Lísu hjartanlega til hamingju með glæsilegan stað. ■



Fjölbreytt leikhúsveisla Unnar Elisabetar

Tjarnarbið

Unnur Elisabet heldur lista-hátíðina Ég býð mig fram, í fjórða sinn. Um er að ræða sjö örverk sem ólíkir listamenn semja fyrir Unni. Dansarar, sirkus-, myndlistar-, leikhús- og tónlistarfólk gengur til liðs við Unni sem framkvæmir gjörningana. Stutt, skemmtileg og fjölbreytt verk og er þetta leikhúsveisla sem Frimínútur mæla með. ■

Hvað er að gerast um helgina?

18. nóv. Föstudagur

■ **Kjarni tangósins: Faðmlag og túlkun**
Kramhúsið kl. 20.00
Tangóstjörnurnar Bryndis og Hany búa í Danmörku en eru þessa helgi á landinu og halda námskeið í Kramhúsinu.

■ **Sálmar og bjór**
Ölhúsið Grafarvogi kl. 17.00
Í tilefni af útgáfu nýrrar sálma-bókar býður Grafarvogskirkja, í samstarfi við Ölhúsið í Grafarvogi, upp á viðburðinn „Sálmar og bjór“. Félagar úr kórum kirkjunnar og Karlakór Grafarvogs sjá um forsöng ásamt organistum og prestum.

■ **Jólaþorpið í Hafnarfirði opnað**
Thorsplan kl. 18.00
Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað með hátíðlegri dagskrá á Thorsplani föstudaginn 18. nóvember þegar ljósin verða tendruð á Cuxhaven-jólatrénu.

■ **Geigengeist**
Borgarleikhúsið kl. 20.00
Geigengeist er nýtt verk í flutningi teknófiðludúósins Geigen. Verkið er unnið í samstarfi við Sean Patrick O'Brien listamann og búningahönnuðina Tönju Huld Levý og Alexíu Rós Gylfa-dóttur.

■ **SEIÐR: Last Call for Love**
Þjóðleikhúskjallarinn kl. 22.30
(Súlu)danssýning um ást, sambönd og nautn með vintage raunveruleikasjónvarps-ívaði! Skapandi samtál um ástina sem flutt verður gegnum dans, loftfímlaika og búrlesk.



19. nóv. Laugardagur

■ **Barnabarin**
Iðnó kl. 11.00
Barnabar Krakkaveldis verður opinn börnum og fullorðnum á Reykjavík Dance Festival með fram dansviðburðinum Baby Rave, sem Dj. Ívar Pétur stendur fyrir ásamt Reykjavík Dance Festival í Iðnó.

■ **Laddi og Eyþór Ingi**
Bæjarbið kl. 19.00
Strákarnir fara um víðan völl og góðvinir á borð við Elsu Lund, Mófreð gamla, Eirík Fjalar, Saxa og Magnús bónda kikja örugglega í heimsókn, hvort sem þeim er boðið eður ei.

■ **Ljósafoss niður Esjuna**
Esjan kl. 15.30
Hinn árlegi Ljósafoss Ljössins vekur athygli á mikilvægi starfsemi Ljössins sem er endurhæfingarmiðstöð fyrir krabba-meinsgreinda og aðstandendur þeirra. Hist er við grunnbúðir Ljössins við Esjurætur upp úr 15.30. Lagt af stað upp að Steini klukkan 16.00 og gengið niður með höfuðljós og ljósafossinn myndast þegar myrkrið skellur á.

■ **Kveikt á jólakettinum**
Lækjartorg kl. 16.00
Söngtrióið Zimsen mun syngja nokkur jólalög og hjónin Grýla og Leppalúði verða á staðnum.

■ **Syngdu með Geirmundi Valtýssyni**
Græni hatturinn kl. 21.00
Geirmundur mætir með nikkuna og hljómborðið ásamt glæsilegri hljómsveit. Hann syngur sín allra þekktustu lög með aðstoð fólksins í salnum.

20. nóv. Sunnudagur

■ **Maxímús Músíkús og Petítla Pírúetta**
Harpa kl. 11.00
Börnum og fjölskyldum þeirra er boðið í einstaka dansstund í Norðurbyggju á jarðhæð Hörpu. Það eru tónelska músin Maxímús Músíkús og vinkona hans Petítla Pírúetta ballettmús sem stíga létt dansspor með gestum undir leiðsögn danskennarans Þórunnar Ylfu Brynjólfssdóttur.

■ **Listasmiðja um fugla**
Grasagarður Reykjavíkur kl. 11.00
Þórey Hannesdóttir listgreinakennari mun leiða listasmiðju um fugla fyrir börn og fjölskyldur þeirra á alþjóðlegum degi barna. Náttúruleg efni verða notuð til að búa til fuglafóðrara sem hægt verður að nota í vetur. Öll eru velkomin og þátttaka er án endurgjalds. Viðburðurinn mun fara fram í garðskála Grasarar Reykjavíkur.

■ **Döff leiðsögn á Sjóminja-safninu**
Sjóminjasafnið, Grandagarði 8 kl. 13.00
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir táknmálsleiðsögumaður leiðir gesti um sýninguna Fiskur og fólk, sjósókn í 150 ár.

■ **Íslandsmeistaramót í axar-kasti**
Berсерkir, Hjallahrauni 9, Hafnarfirði kl. 14.00

■ **Ég býð mig fram - nýr heimur**
Tjarnarbið kl. 20.30
Óhefðbundin örverkasýning þar sem leikstjórinn Unnur Elisabet býður listamönnum úr ólíkum áttum til samstarfs. Útkoman er óvenjuleg leikhúsupplifun og suðupottur nýrra hugmynda.

■ Namminamm



Súkkulaði er alltaf frábært.

Súkkulaðisæla

Súkkulaði er eitt af þeim undrum náttúrunnar sem gæla við bragðlaukana og gefa lífinu lit, en súkkulaði er ekki bara súkkulaði. Það eru einhverjir töfrar í súkkulaðinu sem kalla fram þessa mögnuðu gleðitilfinningu. Það er staðreynd að dökkt súkkulaði er auðugt af andoxunarefnum sem eru holl og góð fyrir líkamann.

Fæstir vita hversu flókin framleiðslan er í raun og veru. Súkkulaði er gert úr kakóbaunum sem vaxa í fræpokum á kakótrénu, theobroma cacao, en gríska orðið theobroma þýðir fæða guðanna. Kakóbaunirnar eru þurrkaðar í miklu magni og svo þarf að handtína þær bestu úr. Baunirnar eru ristaðar vel en varlega því frá þeim kemur bragðið af súkkulaðinu. Skelin er fjarlægð þegar búið er að rista baunirnar og kakónibburnar sem eftir sitja eru settar í mölun og blöndun. Síðan er hrásýkri og smávegis af kakósmjöri blandað saman við og ef um mjólkursúkkulaði er að ræða þá er mjólkurdufti einnig bætt við. Þessu er blandað saman í nokkra daga, eða í sjötiu og tvær klukkustundir, en ferlið tekur í heildina um fimm daga. ■

■ Uppskriftin

Unaðslega ljúffengt humarpasta sem enginn stenst

Margir pastaaðdáendur elska að fá sér humarpasta þar sem íslenski humarinn er í aðalhlutverki. Auðvitað er líka hægt að velja annan humar ef sá íslenski er ekki í boði. Humar og pasta er mjög gott kombó og hér er á ferðinni humarpastaréttur sem steinliggur. Í réttinn er notað ferskt tagliatelle pasta, sem fæst til að mynda í versluninni Bónus sem er fullkom-ið í þennan rétt, það er svo miklu betra að nota ferskt pasta, áferðin verður silkikenndari og bragðið nýtur sín betur. Í réttinum er smá chili sem topar bragðið. Ekkert er betra en að fá sér ljúffengan pasta-rétt á dimmum vetrarkvöldum við kertaljos.

Humarpasta

2 pakkar af fersku tagliatelle pasta
500 g skelflettur humar (látið hann þiðna ef hann er frosinn)
5 hvítlauksrif

1-2 sitrónubátar (fer eftir stærð)
2-3 fersk rauð chili
1 búnt af steinselj
¼ búnt fersk basilíka
½ l rjómi
Hvítur pipar
Ólífúolía til steikingar
Örlítið smjör til steikingar
Parmesanostur
Hvítvín (valfrjálst)

Byrjið á því að hita ólífúolíu á pönnu. Þegar olían hefur hitnað, steikið hvítlauk, chili og ¼ af steinseljinni saxaðri þar til það verður mjúkt. Síðan er humarinn léttsteiktur upp úr þessari blöndu og kryddaður með örlitlum hvítum pipar. Humarinn tekinn af pönnunni og settur í skál til hliðar en grænmetið skilið eftir á pönnunni. Rjómanum hellt út á pönnuna og suðan látin koma upp. Þá er hitinn lækkaður og sósan látin malla í um það bil 10 mínútur, síðan er hvítvíni bætt



út í, en má sleppa. Ég er ekki alltaf með hvítvín og sósan er ljúffeng án þess líka. Kreistið einn sitónubát út í rjómasósuna. Setjið vatn yfir fyrir pastað í pott og biðið eftir að suða komi upp. Setjið pastað út í vatnið og sjóðið í um það bil 3 mínútur. Hellið vatninu af og setjið pastað síðan á disk

eða í skálar sem þið ætlið að framreiða réttinn í. Mjög gott að setja smá ólífúolíu yfir pastað. Bætið humrinum út í rjómasósuna, en skiljið eftir nokkra hala til að setja ofan á réttinn í lokin, á meðan pasta sýður, og látið malla í um það bil 2-3 mínútur.

Síðan er humarpastasósunni dreift yfir pastað á diskunum eða í skálunum með ausu eða skeið á fallegan hátt. Skreytt og bragðbætt með humarhólum, rifnum parmesanosti og ferskri steinselju og basilíku. ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

22. nóvember
þriðjudagur

■ **Rithöfundakvöld**
Bókasafn Seltjarnarness
Gestir eru Guðrún Eva Mínervu-dóttir - Útsýni, Snæbjörn Arngrímsson - Eitt satt orð, Pétur Gunnarsson - Játningarnar, og Bergþóra Snæbjörnsdóttir - Allt sem rennur.


23. nóvember
miðvikudagur

■ **Flotmeðferð**
Álftaneslaug kl. 19.00
Tíminn inniheldur nudd og nær-andi slökun, á meðan flotið er með öllum tilheyrandi búnaði og stuðningi.

24. nóvember
fimmtudagur

■ **Spunaspilavinir**
Spilavinir kl. 18.00
Þrjú borð verða í boði og verða stjórnendur og þema ævintýra kynnt síðar.

■ **Jóli Hólm**
Bæjarbíó kl. 19.30
Sóli Hólm er mikill aðventu-drengur og því fáir betur til þess fallnir að koma fólki í jólaskap.



■ **Skrítin staðreynd vikunnar**

Jólaköttur hér, geitin þar
Á morgun, laugardag, verður kveikt á jólakettinum á Lækjartorgi. Við eigum jólakött sem étur þau sem ekki fá nýjar flikur fyrir jólin. Í Svíþjóð og Noregi er þetta kapitalíska skrimslí geit – sem borðar þau sem fá ekkert nýtt um jólin. Þaðan kemur Ikea-geitin!

TVÆR VERSLANIR

GLÆSIBÆR

104 Reykjavík - s. 552 9011

KRINGLAN

103 Reykjavík - s. 552 9012

NEXUS

NEXUS.IS

VEFVERSLUN MEÐ YFIR

16.000 VÖRUR!

MYNDASÖGUR

OG MÁTTUR ÞEIRRA

ÓSÝNILEGA LISTFORMIÐ

SCOTT MCCLOUD

„ÞÚ VERÐUR AÐ LESA ÞESSA BÓK.“ — NEIL GAIMAN

VERÐ

5.399 KR.

Loks á íslensku!

Margverðlaunað meistaraverk á myndasöguformi um uppruna þessa einstaka listforms og óendanlega möguleika þessarar frásagnartækni.

„Það er svo margt sem ég lærði af Scott McCloud.“
— Hugleikur Dagssson

„Jólagjöfin í ár fyrir myndasöguaðdáendur!“
— Gísli Nexus

„Þú verður að lesa þessa bók.“
— Neil Gaiman

„Besta greining á miðlinum sem ég hef nokkurn tímann séð.“
— Alan Moore

Langlífur þráður á Facebook

Þann 18. desember 2013 setti Konráð Jónsson lögfræðingur inn stöðuuppfærslu á Facebook: „Listi yfir orð sem eru lík en þurfa ekki endilega að tengjast.“ Ekki stóð á viðbrögðum. Þegar þetta er ritað hafa yfir 1.400 svör borist, sem eru hvert öðru myndnara. „Statusinn hefur farið í dvala af og til. Svo fær einhver þá flugu í höfuðið að leita hann uppi aftur og setja inn nýtt orðapar og þá fer hann alltaf á flug.“ segir Konráð, sem er sjálfur mikill orðagrínari.

„Ég á alveg nokkur uppáhalds-orðapör. Þau sem ég finn í fljótu bragði eru: Samuel L. Jackson - sameiginleg gjafsókn, tungl-skinssónatan - túnfiskssamlokan, George Bush - Gerður í Blush, Buona sera – búinn að sjera, ristil-speglun – ristaðu fyrir mig þessa beyglu.“

Önnur góð pör sem Frímínútur fundu: Air Frier – Ari Freyr, fyrir-gefðu – Hveragerði, fyrir lifandis



Konráð er alltaf eitthvað að grínast.

löngu – fyrir lifandi slöngu, símat – símaat, Sharia lög – Shakira lög. Rannsóknarstofu vísindamanns - Rassmotovic Swisstomasz, drónamyndir – dónamyndir, Daði Freyr – freyðibað. Jónatan læknir – Jóna tannlæknir, trúarleiddogi –

frúarleikfimi. Þetta kann ég verst – þetta er Kanye West. Fjártækni – fátækir og búktal – baktal.

Covid-tíminn var einnig gjöfull: Heimkomusmitgát - heimaskítsmát og Góða ferð, góða ferð, góða ferð – fódurgerð, fódurgerð, fódurgerð.

En Konráð er ekki bara sniðugur á Facebook, hann heldur líka úti Instagram-reikningnum excel-pabbi. „Mig langaði til að setja hversdagslegar færslur um pabba-lífið á samfélagsmiðla og taldi að Instagram væri rétti vettvangur-inn til þess. Notandanafnið, excelpabbi, vísar ekki endilega til þess að ég sé voðalega skipulagður, heldur meira til tilhneigingar minnar til að setja hlutina upp í einhvers konar kerfi. Samtal við mig um lausnir á vandamálum endar oft með vangaveltu um að búa til einhvers konar app sem leysir vandann. Hver veit nema von sé á appi sem sýnir orð sem eru lík?“ ■

20. nóvember kl. 20:30

Skráning í síma 555 2900

Þakkargjörðarmáltíð toppuð með konfektmús

Þakkargjörðardagurinn er haldinn hátíðlegur fjórða fimmtudag í nóvember ár hvert. Margir halda upp á daginn hér á landi, sérstaklega fólk sem hefur búið eða haft aðsetur tímabundið í Bandaríkjunum.

sjofn@frettabladid.is

Berglind Hreiðarsdóttir, matar-bloggari með meiru sem heldur úti síðunni Gotteri og gersemar, er ein af þeim sem hafa búið í Bandaríkjunum og heldur daginn hátíðlegan með fjölskyldunni en hann snýst fyrst og fremst um að borða saman hátíðarmat, kalkún og meðlæti. Kalkúnninn er aðal-rétturinn á þessum degi vestan-hafs og mikið tilstand er kringum matargerðina.

„Í mínum huga er þakkargjörð-arhátíðin dagur sem á að snúast um góðar stundir með þeim sem manni þykir vænt um. Þetta er til-valinn tími til að staldra aðeins við og hugsa um fyrir hvað við erum þakklát í okkar lífi. Það er alltof sjaldan sem við stöldrum við og veltum þessum hlutum fyrir okkur og við tökum mörgu sem sjálfsögð-um hlut, þar til eitthvað kemur upp á. Góðar veitingar og heimboð sameina að mínu mati alltaf vini og fjölskyldu og skapa góðar minn-ingar,“ segir Berglind og bætir því við að hún hafi ákveðið að halda í þessa hefð eftir að fjölskyldan flutti aftur til Íslands.

Kalkúnaveisla sem allir ráða við
„Þegar ég var beðin um uppskriftir tengda þakkargjörðinni langaði mig til þess að prófa eitthvað nýtt þar sem kalkúnaveisluna okkar klassísku er að finna á heima-síðunni minni. Það eru alls ekki allir sem leggja í að útbúa allt meðlæti og þær veitingar sem þessu fylgja svo í ár langaði mig að útbúa dýrindis máltíð sem allir, og þá meina ég allir, ættu að ráða við. Súkkulaðimúsinn er mjög einföld og hana má útbúa kvöldinu áður



Berglind Hreið-ars býður hér upp á sækera-uppskriftir fyrir þakkargjörðar-daginn með kalkúnabringum og gómsætu meðlæti sem allir geta gert. **FRÉTTABLAÐIÐ/ EYÞÓR**

og síðan bara sprauta rjómanum yfir rétt áður en notið er. Kalkúna-bringan er forelduð og ég trúði því eiginlega ekki hvað hún var góð og hversu einfalt var að hita og steikja hana. Ég var líklega í um klukku-stund að undirbúa og elda allt sem henni tengdist. Þessi útkoma var hreint út sagt frábær og sannar að það þarf alls ekki að vera flókinn matur til að vera góður,“ segir Berglind.

Þakkargjörðarmáltíð að hætti Berglindar Hreiðars fyrir 4-5 manns

Ofnbakað grænmeti
Um 800 g sætar kartöflur



Kalkúnabringurnar eru dýrindis sælkeramáltíð og hér eru þær bornar fram með ofnbökuðu grænmeti og sveppasósu sem bráðnar í munn.

Um 500 g rósakál
Um 80 g pekanhnetur
Um 40 g þurrkuð trönuber
Salt, pipar, hvítlauksduft
Ólífuolía
Hlynsýróp

Byrjið á því að hita ofninn í 190°C. Flysjið og skerið sætu kartöflurnar í teninga. Snýrtið rósakálið og skerið til helminga. Veltið upp úr ólífuolíu og kryddið eftir smekk. Bakið í um 30 mínútur og veltið 1-2 á meðan. Takið út, bætið pekan-hnetum og trönuberjum saman við og bakið áfram í um 5 mínútur. Setjið á fat og setjið smá hlynsýróp yfir allt saman. Á meðan grænmet-ið er í ofninum má útbúa sósuna og undirbúa kalkúnabringuna.

Sous vide kalkúnabringa

1 stk. sous vide kalkúnabringa
Smjör til steikingar

Byrjið á því að láta sjóðandi heitt vatn renna í vaskinn og komið pokaum með kalkúnabringunni þar fyrir og leyfið að liggja í um 15 mínútur (til að hita hana aðeins). Takið bringuna því næst úr plastinu og bræðið væna klipu af smjöri á pönnu, steikið hana skamma stund á öllum hliðum. Skerið í þunnar sneiðar um leið og hún er borin á borð.

Sveppasósa

250 g sveppir
70 g smjör
500 ml rjómi
150 g rjómaostur með pipar
1-2 tsk. Dijon-sinnep (eftir smekk)
1 msk. sveppakraftur (fljótandi)
1 msk. nauta- eða kalkúnakraftur (fljótandi)
1 tsk. rifsberjahlaup
Salt, pipar, hvítlauksduft
Sósulitur (ef vill)

Byrjið á því að skera sveppina í sneiðar og steikið upp úr smjöri, kryddið eftir smekk. Bætið rjóma og rjómaosti í pottinn og piskið saman þar til kekkjalaust. Leyfið

sósunni að malla á meðan græn-metið bakast og bætið krafti, sinnepi, rifsberjahlaupi og sósulit saman við. Kryddið eftir smekk.

Konfektmús fyrir 8 glös/skálar

200 g Cote D'or Bouchée súkku-laði (1 pakki)
200 g dökktt súkkulaði
100 g smjör
4 egg
1 l þeyttur rjómi (skipt í 500 og 500 ml)
Bökunarkakó til skrauts + blóm

Byrjið á því að brytja Cote D'or og dökktt súkkulaði niður í grófa bita. Bræðið ásamt smjörinu yfir vatns-baði, hrærið vel á milli og takið af hitanum þegar bráðið og leyfið að standa á meðan annað er undir-búið. Þeytið 500 ml af rjómanum og geymið til hliðar á meðan þið piskið egginn saman í annarri skál. Bætið eggjunum saman við súkkulaðiþblönduna í nokkrum skömmtum og piskið vel saman á milli. Setjið um 1/3 af þeytta rjómanum saman við súkkulaði-blönduna og vefjið saman við með sleikju. Bætið síðan aftur 1/3 og blandið og að lokum restinni og blandið vel þar til ljósbrún og silkimjúk áferð hefur myndast. Skiptið niður í glös/skálar og kælið í að minnsta kosti 3 klukku-stundir (eða yfir nótt). Þeytið hina 500 ml af rjómanum og sprautið í hvert glas/skál, sigtið smá bök-unarkakó yfir og skreytið með ferskum blómum. ■



Þessi dýrð-lega konfektmús töfrar bæði augu og munn og hægt er að skreyta hana fallega með ferskum blómum.





GG • SPORT

Tilboð
á skíða-
pökkum!

Opnunarhátíð skíðadeildarinnar

Við
lækkum
verðin!

Lýkur á laugardag!

30% afsláttur af skíðavörum

Kíktu við á skemmtilega viðburði!

18. nóv

16:30 Við gefum snjóþreppakka!

Sá sem finnur falda álfinn í verslun GG Sport fær gefins snjóþreppakka!

17:00 Kynning: Val á snjóþreppum fyrir byrjendur

19. nóv

Lokadagur opnunarhátíðar.

13:00 Valdimar Flygering mætir á svæðið og heldur uppi giggi!

???

Ertu góð/ur að giska?

???

Komdu í GG Sport og taktu þátt í skemmtilegum leik
og þú getur unnið skíðapakka!

Glæsilegir
vinningar

➤ Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is

Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Lau. 11-15

Bílar & Farartæki





Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021
Sýningarbílar flestir eknir undir 1000 km. 35,5 kWh rafhlaða. Uppgefin drægni 200 km. 5 dyra. Makoto typta með glerþopplúgu og öllum fánlegum búnaði. Er í ábyrgð. Eigum 4 líti á lager. Líklega ódýrast nýji rafmagnsbíllinn fánlegur í dag á aðeins 4.890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu



Chevy Express 2003 V-8, 8 farþegar plús bílstjóri. Bensín, góð dekk, toppbíll. Hópfærðaleyfisskoðun. Verð 1.250 þ Uppl. í s. 820-5181

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggitur málaramestari. Löggitir málalarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

regnvorn.is

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti

runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

2ja herb. eintaklingsíbúð í Kópavogi til leigu, 140 þús á mánuði. Uppl. í s: 847 8136.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003



Hjálparstarf kirkjunnar

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Endurvinnsla kerbrota á Grundartanga og Stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri, Tálkna-fjarðarhreppi

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreindar framkvæmdir skuli ekki háðar umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvarðanirnar er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvarðanirnar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlinda-mála til 19. desember 2022.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Pennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavin til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta



EYFI +

FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Eyjólfur Kristjánsson og félagar djamma saman inn í helgina á Hringbraut og spila lögin sem allir landsmenn þekkja. Fyrsti gestur er enginn annar en Bjartmar Guðlaugsson.

Frábær þáttur fyrir alla fjölskylduna.



Léttöl



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

- 1897** Blaðamannafélag Íslands, stéttarfélag blaðamanna og fréttamanna, er stofnað.
- 1902** Morris Michton, leikfangasmiður í Brooklyn, nefnir bangsa Teddy í höfuðið á Teddy Roosevelt Bandaríkjaforseta.
- 1905** Karl prins af Danmörku verður Hákon VII., konungur Noregs.
- 1918** Lettland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússlandi.
- 1920** Séra Matthías Jochumsson skáld deyr, 85 ára að aldri.
- 1978** Fylgjendur Jim Jones og Peoples Temple fremja fjöldasjálfsmorð í Jonestown.
- 2007** 101 námuverkamaður ferst í námuslysi í Úkraínu.



Elskuleg frænka okkar,
Sigrún Runólfssdóttir
Ásbrandsstöðum,
Vopnafirði,

lést þann 14. nóvember á hjúkrunarheimilinu Sundabúð. Útför hennar fer fram frá Vopnafjarðarkirkju miðvikudaginn 23. nóvember klukkan 13.00. Jarðsett verður í Hofskirkjugarði. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu Hofsprestakalls.

Frændsystkin og fjölskyldur



Elskuleg móðir okkar,
amma og langamma,
Ingveldur Björnsdóttir
frá Kílakoti, Kelduhverfi,

verður jarðsungen frá Áskirkju mánudaginn 21. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta SOS Barnaþorp njóta þess.

Bergþór Ingi Leifsson
Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Agnar Bragi Guðmundsson
Hulda Lilja Guðmundsdóttir
Björn Rúnar Guðmundsson
makar, barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Óttar Geirsson
fyrirv. ráðunautur,

andaðist á líknardeild Landspítalans 13. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á félagið Umhyggju. Útförinni verður streymt og má nálgast hlekk á streymi hér: www.mbl.is/andlat

Þorbjörg Á. Oddgeirsdóttir
Hrafn Óttarsson
Oddgeir Isaksen
Aðalheiður Gígja Isaksen
afabörn og langafabarn

Margrét Grjetarsdóttir
Hildur Gestsdóttir
Þröstur Erlingsson



Okkar ástkæri eiginmaður,
faðir, afi og langafi,
Magnús Guðbrandsson
frá Siglufirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum fimmtudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Víðalinskirkju, Garðabæ, föstudaginn 25. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

Jónína Gunnlaug Ásgeirsdóttir
Guðbrandur Magnússon
Ásgeir Rúnar Magnússon
Anna Júlía Magnúsdóttir
Kristinn Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn

Katrín B. Sigurjónsdóttir
Sigurður Alfreðsson

Fjörutíu ára félagsskapur

Mótettukórinn og Listvinafélag Reykjavíkur fagna fjörutíu ára afmæli sínu með Messías-órátóríu Händels um helgina.

arnartomas@frettabladid.is

Listvinafélag Reykjavíkur, áður Listvinafélag Hallgrímskirkju, og Mótettukórinn fagna um þessar mundir 40 ára afmæli. Tímamótunum verður fagnað á sunnudaginn með tónleikum þar sem óratórían Messías eftir Händel verður flutt í Eldborgarsal Hörpu.

Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórsins, var aðalhvatamaður að stofnun Listvinafélagsins haustið 1982 þegar hann sneri heim frá námi í Þýskalandi.

„Þá var ég ráðinn til Hallgrímskirkju sem var enn ekki tilbúin – þar voru bara útveggir risnir á kirkjuskípinu og ekkert þak,“ segir hann. „Þegar ég hóf störf var hefðbundinn kirkjukór með nokkuð háum meðalaldri sem starfaði við kirkjuna, en ég var ungur og mig langaði að hafa ungt fólk í kringum mig, svo ég stofnaði strax Mótettukórinn, en kirkjukór Hallgrímskirkju hélt áfram messusöng þangað til Hallgrímskirkja hafði verið vígð – þá tók Mótettukórinn við messusöngnum.“

Mótettukórinn efndi strax til sinna fyrstu tónleika í væng Hallgrímskirkju sama haust og hann var stofnaður.

„Fyrstu tónleikarnir á vegum Listvinafélagsins voru í byrjun september 1982 með sólókantötum eftir J.S. Bach þar sem Andreas Schmidt, frábær barítónsöngvari og vinur okkar, söng með kammersveit og áttuðum við okkur á því viku fyrir tónleikana að þetta var ekki allt einsöngur, heldur var einn litill sálmur fyrir fjögurra radda kór og þá vantaði okkur kór,“ lýsir Hörður sem setti í snatti upp auglýsingu fyrir áheyrnarprufur. „Við vorum viku síðar kominn með tuttugu manna kór sem söng þennan sálma á þessum tónleikum. Þannig byrjaði þetta.“

Gjófult samstarf

Listvinafélag Hallgrímskirkju var stofnað sama haust með það að markmiði að styrkja við listastarfið og fjármagna það. Þar var unnið að kröftugu listalífi við Hallgrímskirkju í næstum fjörutíu ár áður en samstarfi félagsins við kirkjuna lauk í fyrra.



Hörður hefur verið stjórnandi Mótettukórsins frá upphafi.

MYND/ADSEND



Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórsins

„Okkur hefur verið mjög vel tekið hvar sem við komum,“ segir Hörður um lífið eftir Hallgrímskirkju. „Það var auðvelt að finna æfingastað fyrir kórinn og okkur var boðinn samstarfssamningur við Hörpu sem innifelur að minnsta kosti tvenna stórtónleika á ári.“

Einir slíkir tónleikar verða einmitt nú um helgina þar sem stórafmælum félagskaparins og kórsins verður fagnað.

„Ég held að þetta sé í þriðja skipti sem ég stjórna Messíasi, sem er eitt af þessum stóru verkum tónbókmenntanna fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit,“ segir Hörður. „Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík (áður kennd við Den Haag og

síðar Hallgrímskirkju), sem spilar með okkur, er einmitt eitt af afsprenjum starfs okkar. Við stofnuðum hana haustið 2004 í kringum það þegar dóttir okkar var að læra á barokkvíólu í Den Haag og í gegnum hana kynntumst við fullt af hæfileikaríku tónlistarfólki, sérhæfðu í flutningi barokktónlistar, sem hefur komið hingað oft síðan og auðgað íslenskt menningarlíf. Það samstarf hefur verið mjög gjöfult.

Ásamt Mótettukórnum verður einvala lið einsöngvara sem tekur þátt í Messíasi á sunnudaginn. Þar stíga á svið norska sópransöngkonan Berit Norbakken, enski kontratenórinn Alex Potter, Elmar Gilbertsson, óperusöngvari og tenór, og Oddur Arnþór Jónsson barítón, sem eru báðir fyrrverandi meðlimir í Mótettukórnum. Konsertmeistari er finnski barokkfíðluleikarinn Tuomo Suni og stjórnandi Hörður Áskelsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og má nálgast miða á tix.is. ■



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,
Línýjar Björgvinsdóttir
Lautarvegi 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Lautarvegi 18, Reykjavík, heimahjúkrun og HERU fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Árni Björgvinsson
Ragnhildur Björgvinsdóttir
Guðný Björgvinsdóttir
Páll Björgvinsson
Björn Thomsen

Jenný B. Sigmundsdóttir
Anton Örn Guðmundsson
Áslaug Þormóðsdóttir

og frændsystkin



Elskuleg móðursystir okkar,
fóstursystir og frænka,
Stella Guðvinsdóttir
sjúkraliði,
áður til heimilis að Hásæti 3b
á Sauðárkróki,

lést á Dvalarheimilinu á Sauðárkróki 15. nóvember.

Óskar G. Björnsson
Guðni Ragnar Björnsson
Lovísa Birna Björnsdóttir
Björn Jóhann Björnsson
Hólmfríður Pálsdóttir
Hólmur Bragi Pálsson

Erla Kjartansdóttir
Anna Marie Stefánsdóttir
Vígfus Vígfusson
Edda Traustadóttir

Kristín Kalmansdóttir
og fjölskyldur



Hjartkær mamma okkar,
tengdamamma, amma, langamma
og langalangamma,
Sigríður Pálmadóttir
Norðurbúrún 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 10.00.

Már Gunnarsson
Unnur Gunnarsdóttir
Gunnhildur Gunnarsdóttir

Steinunn Hreinsdóttir
Björn Jóhann Björnsson
og fjölskyldur



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Lucie Einarsson
Bolungarvík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Bergi þriðjudaginn 8. nóvember. Jarðarför verður frá Hólskirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 14.


Ásgeir Sólbergsson
Bjarni Sólbergsson
Elísabet Sólbergssdóttir
Sólvi Rúnar Sólbergsson
María Sólbergssdóttir

Margrét Gunnarsdóttir
Guðjón Jónsson
Birna Guðbjartsdóttir
barnabörn og langömmubörn



„Ófyrirséð stórkostleg flétta ...
ein besta bók Steinars Braga.“

Páll Egill Winkel / Morgunblaðið



„Ég hljóp heim til
að lesa meira.“

Egill Helgason / Kiljan

„Ofboðslega flinkur
höfundur.“

Þorgeir Tryggvaason / Kiljan

Dáin heimsveldi er
spennuþrungin framtíðar-
saga eftir Steinar Braga,
einn fjölhæfasta höfund
þjóðarinnar.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþróttta- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Eyfi + Eyjólfur Kristjáns-son fær til sín góða gesti sem taka með honum lagið.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþróttta- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2015-2016 Hafnar-fjörður - Akureyri
- 14.35 92 á stöðinni
- 15.00 Manstu gamla daga? Blóma-tímabilið
- 16.00 Tareq Taylor og miðaustrur-lensk matarhefð
- 16.30 Andraland
- 17.00 Ferðastíklur Strandir
- 17.40 Sætt og gott
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Holly Hobbie
- 18.24 Lúkas í mörgum myndum
- 18.31 Miðaldafréttir Furðuleg notkun handrita
- 18.32 KrakkaRÚV
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins The Vintage Caravan - Can't Get You Off My Mind
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Kappsmál Keppendur þáttarins eru Elísabet Jökulsdóttir, Hreimur Örn Heimisson, Jón Jósep Snæbjörnsson og Páll Óskar Hjálmtýsson.
- 21.05 Vikan með Gísla Marteini
- 22.00 Barnaby ræður gátuna - Hamingjusamar fjölskyldur Midsomer Murders. Happy Families Bresk sakamála-mynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við morðgátur í ensku þorpi. Meðal leikenda eru Neil Dudgeon og Nick Hendrix. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.30 Ég um mig og mömmu Les garçons et Guillaume, à table!
- 00.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.40 The Late Late Show
- 13.25 Love Island Australia
- 15.50 The Block
- 17.00 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 The Neighborhood
- 19.40 Black-ish
- 20.10 Bachelor in Paradise
- 21.40 Meet the Fockers
- 23.35 Bridget Jones. The Edge of Reason
- 01.20 Save the Last Dance
- 03.10 From (1.10)
- 04.10 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Cold Case
- 10.00 B Positive
- 10.20 Girls5eva
- 10.50 Ljósavakavíkingar - Stöð 2
- 11.20 Bara grín
- 11.45 30 Rock
- 11.45 Nágrannar
- 12.10 30 Rock
- 12.50 All Rise
- 13.35 First Dates Hotel
- 14.20 Saved by the Bell
- 14.45 30 Rock
- 15.05 McDonald and Dodds
- 16.40 Real Time With Bill Maher
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.20 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.45 Sportpakinn
- 18.55 Stóra sviðið
- 19.45 The Masked Dancer
- 20.55 Mahalia Mögnuð, sönn saga Mahaliu Jackson sem byrjaði snemma að syngja og varð einn virtasti gospel-tónlistarmaður í bandarískri sögu.
- 22.40 Zola
- 00.10 At Eternity's Gate
- 01.55 Hurricane Áhugaverð sögu-leg stríðsmynd frá 2018. Þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland 1939 flúðu margir pólskir flugmenn til Englands þar sem þeir sam-einuðust í sextán flugsveit-um samkvæmt samningi Englandsstjórnar og pólsku útlagastjórnarinnar. Ein þessara sveita nefndist Sveit 303 (No. 303 Squadron RAF) og er það mál marga að ef hennar hefði ekki notið við hefði „Baráttan um Bret-land“ farið öðruvísi.
- 03.40 The Mentalist

Ronaldo, HM og heljarmenni úr kraftlyftingum

Einar Örn Jónsson, íþróttafréttamaður á RÚV, sest í íþróttavíkuna með Benna Bó í kvöld. Með honum verður Bragi Þórðarson, Formúlu 1-lýsir og umsjónarmaður Pittsins. Þeir fara yfir fréttir vikunnar þar sem Ronaldo kemur eðlilega mikið við sögu. Þeir hita svo upp fyrir HM. Einnig kemur Brynjar Logi Halldórsson en sá er nýbúinn að setja sjö Íslandsmet í ólympískum lyftingum.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hopp
- 5 umfram
- 6 sön
- 8 lagfæra
- 10 átt
- 11 blankur
- 12 réttlætning
- 13 eining
- 15 geymir
- 17 máluð

LÓÐRÉTT

- 1 þyrpast
- 2 gola
- 3 kúgun
- 4 spil
- 7 orðstír
- 9 sægur
- 12 venja
- 14 mál
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skopp, 5 auk, 6 óm, 8 flíkk, 10 na, 11 ren, 12 vörn, 13 stak, 15 tankur, 17 lituð. LÓÐRÉTT: 1 safnast, 2 kula, 3 oki, 4 póker, 7 mannorð, 9 krökk, 12 vani, 14 tal, 16 uu.

Sudoku

			4			6	9
9			2	6		5	
2		7		9		1	4
					8		3
	9			7	4		8
	4	3			7		
4		9	5				
	5			8	2		
	2		7				

	6					7	
	5		7		6	8	2
4							
9	7		4			3	
5	4	6				9	
				9		1	
1		4			8		
	3		9				7
	8					5	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Lifir fyrir þau bæði

Hálf dán Árnason lenti í slysi fyrir sextán árum síðan. Hann keyrði á fjórtán ára stúlku með þeim afleiðingum að hún lést. Í yfir áratug hefur Hálf dán ásað sjálfan sig og segist lengi ekki sjálfur hafa áttað sig á að um slys var að ræða. Hann segir frá slysinu, áfallinu og sjálfsvinnunni í einlægu viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins.



Enn langt í land

Framkvæmdastýra UN Women, Sima Sami Bahous, segir það óumflýjanlegt að kynjajafnrétti muni nást, en hefur áhyggjur af því að það verði ekki árið 2030, eins og stefnt hefur verið að, heldur árið 2330. Hún segir áskoranirnar fram undan þrenns konar, átök, loftslagsvána og Covid.



Biða brottvísunar

Kólobísk fjölskylda, sem sótti um alþjóðlega vernd á Íslandi fyrir rúmu ári, þráir ekkert frekar en að fá að tilheyrja öruggu samfélagi. Þau lögðu á flóttu frá heimalandinu eftir að hafa sætt pólitískum ofsóknum. Þau biða nú brottvísunar frá Íslandi.

Ég les ekki til að verða hamingjusöm

Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifaði ljóðsöguna Allt sem rennur, þegar hún átti að vera að skrifa skáldsögu. Hún vill að skáldskapur sé eins og öxi á sálarlífið.

tsh@frettabladid.is

Nýjasta bók Bergþóru Snæbjörnsdóttur er ljóðsagan Allt sem rennur, sem kom nýlega út hjá Benedikt bókaútgáfu. Bókin er fjórða bók Bergþóru sem vakti mikla athygli fyrir fyrri verk sín, Flórída og Svínshöfuð.

„Ég hélt að ég myndi aldrei skrifa ljóð eftir Flórída, ég hugsaði „ég er bara hætt að skrifa ljóð“. En svo er ég búin að vera að vinna í skáldsögu og var eitthvað föst með hana og var fengin til að skrifa texta fyrir myndlistarsýninguna Feigðarós í Kling & Bang og skrifaði ljóðtexta. Þetta var vorið 2021 og eftir það þá hélt ég bara áfram og vissi ekkert hvað þetta ætlaði að verða,“ segir Bergþóra um uppruna verksins.

Bergþóra segist vera drifin áfram af persónum í skrifum sínum og hafi það einnig verið svo með þessa bók.

„Það virðist vera að ég verði að vera innblásin af persónum og sögum þannig að mjög fljótlega fór þetta út í þá átt. Það voru persónur sem höfðu blundað í mér sem ég hafði ekki náð að koma til skila í öðrum verkum, þær fengu bara allt í einu að taka pláss, fá rödd og segja sína sögu.“

Sagan þurfti færri orð

Þá liggur við að spyrja, afhverju ekki að skrifa bara skáldsögu?

„Þegar þú ert að skrifa skáldsögu þá þarftu að fara svo rosalega djúpt inn í einhvern heim, þú þarft að búa þar og þú þarft að smíða vegg, nagla fyrir nagla, þetta er svo mikil erfiðisvinna, á meðan ljóðið er eitthvað svo mikið flæði og minni pressa. Svo einhvern veginn uppgötvaði ég að mér fannst ég geta komið þessari sögu til skila í færri orðum. Hún þurfti ekki fleiri orð og ég er ekkert viss um að hún hefði verið sterkari við það.“

Að sögn Bergþóru er hún miklu frekar innblásin af persónum og eigin innsæi heldur en hugmyndafræði.

„Þegar ég skrifa þá sest ég aldrei niður og hugsá, já, nú langar mig að taka fyrir þetta málefni, það er ákaflega brýnt að tala um þetta. Heldur er þetta allt bara eitthvert innsæi þannig að það er oft erfitt að útskýra nákvæmlega hvernig ferlið er. Þetta er bara einhvers konar hugrof.“



Bergþóra segir það hafa tekið á sálarlífið að skrifa ljóðsöguna Allt sem rennur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

Ég held að það hafi verið Kafka sem sagði: „Bækur eiga að vera eins og öxi fyrir frosna hafið innra með okkur.“ Þær eiga bara að rústa þér og hreyfa við þér af því svo geturðu alltaf lokað bókinni.

Fannst erfitt að skrifa bókina

Allt sem rennur skiptist í nokkra hluta og segir sögu þriggja persóna sem tengjast í gegnum erfiða lífsreynslu.

„Það er náttúrlega Fjara, ættleidda stelpa, sem er orðin fullorðin og er að kljást við móðurhlutverkið en

upplifir einhvern skort. Svo er það karakter sem ég kalla Vöðvastrákin, hann er viðkvæmur og mjög á valdi kvenpersóna í lífi sínu, en jafnframt blundar í honum ofbeldi. Svo er það Stelpan sem breytti sér í fjall. Þessi heimur er nóturlegur og sár og mér fannst mjög erfitt á köflum að skrifa bókina.“

Bergþóra segir bókina þó ekki boða einhverja tómhyggju eða nóturleika.

„Það er ekki beint að þetta sé einhver heimssýn um að allt sé hræðilegt og að lífið sé þjáning, heldur er það kannski meira að maður er viðkvæmur og að skáldskapurinn sé eitthvert svona svið þar sem þú getur varpað ljósi á allt það sem þú óttast mest, sem stendur næst hjarta þínu, sem þú elskar mest, sem þú ert hræddastur um að vera eða ekki vera. Öll þessi nútímaskrímsli mannlífsins,“ segir hún.

Ekki riddari á hvítum hesti

Bergþóra segist hafa elskað hryllingssögur og hryllingsmyndir sem barn og kveðst vilja framkalla svipaða tilfinningu í skrifum sínum og hún upplifði þá.

„Ég les ekki til að verða hamingjusöm, ég held að það hafi verið Kafka sem sagði: „Bækur eiga að vera eins og öxi fyrir frosna hafið innra með okkur.“ Þær eiga bara að rústa þér og hreyfa við þér af því svo geturðu alltaf lokað bókinni. Ég held að hann hafi líka sagt að manni eigi að liða eins og maður hafi misst náinn ættingja, að það séu einhvern veginn hughrifin. Mér liður þannig þegar ég skrifa.“

Þú ert svolítið að skrifa um fólk á jaðrinum, hvaða kemur áhuginn á því?

„Ég hef verið spurð að þessu áður. Ég held það sé bara einhver svona tenging. Mér finnst heimurinn stundum svolítið óbærilegur og þetta er einhver svona tilraun til að gera hann bærilegan, þó það hljómi öfugsnuíð. Það er svo mikið af fólki sem samfélaginu okkar tekst ekki að halda utan um, mér finnst það svo óbærilegt og ég held að þess vegna leiti það á mig. Ég er enginn riddari á hvítum hesti sem er eitthvað: „Nú ætla ég að gefa fólki rödd.“ Ég vil endilega sem flestar raddir. Ef saga er ómótstæðileg þá herjar hún á mann.“ ■



Plastplan var stofnað 2019 af Birni Steinari Blumenstein og Brynjólfí Stefánssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Plastplan hlaut Hönnunarverðlaun

tsh@frettabladid.is

Hönnunarstofan Plastplan hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2022 í gær við hátíðlega athöfn í Grósku. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, veitti verðlaunin. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt hlaut Heiðursverðlaun og fyrirtækið Fólk Reykjavík hlaut viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun.

”

Áhrif Plastplans mælast ekki aðeins í afköstum véla þeirra því það er hugsjón þeirra sem leiðir för.

Dómnefnd Hönnunarverðlauna Íslands 2022

Plastplan er hönnunarstúdíó og plastendurvinnsla, stofnað 2019 af Birni Steinari Blumenstein og Brynjólfí Stefánssyni. Markmið Plastplans er að stuðla að fullkominni hringrás plastefna og með því sýna fram á þá möguleika sem felast í hráefninu.

Í rökstuðningi dómnefndar Hönnunarverðlauna Íslands segir að starf Plastplans einkennist af „sköpunargleði, tilraunamennsku, úrræðasemi og óbilandi hugsjón“. „Áhrif Plastplans mælast ekki aðeins í afköstum véla þeirra því það er hugsjón þeirra sem leiðir för og hefur áhrif á starf fyrirtækja og hönnuða vítt og breitt. Plastplan hefur lagt ríka áherslu á samfélagsfræðslu og sifellt fleiri samstarfsaðilar verða til fyrir vikið, sem hafa nú tileinkað sér endurvinnslu í eigin ranni. Allir vilja gera betur og breyta rétt,“ segir í rökstuðningi dómnefndar. ■

Áhorfendur hafa þurft að hlaupa út

tsh@frettabladid.is

Helena Margrét Jónsdóttir sýnir málverk í Ásmundarsal innblásin af köngulóarfælni á sýningunni Þú getur ekki fest þig í þínum eigin vef.

„Ég er sjálf með mjög mikla köngulóaföbú. Þetta er svona auðveldur staðgengill fyrir aðra og stærri ótta eða aðrar föbíur. Eitthvað ótrúlega hversdagslegt og lítið, sem maður stækkar svo mikið í hausnum á sér og verður einhvern veginn það hryllilegasta,“ segir hún.

Hjálpaði sýningin þér að takast á við köngulóarfælni?

„Ég hefði haldið ég væri komin með ágætis skammt af „exposure therapy“ en svo kom í ljós að þetta hjálpar ekki við köngulóaföbú. Ég hef alveg heyrt af nokkrum einstaklingum sem hafa bara þurft að fara út úr salnum.“

Helena málaði verkin síðasta



Helena Margrét fyrir framan þrjú af verkunum á sýningunni.

MYND/ADSEND

sumar þegar einstaklega mikið var af köngulóm úti um allt.

„Það var svo skrítið að ég gat verið allan daginn að mála þessar risastóru köngulær sem horfðu beint á mig og svo var kannski pínulítill dordingull úti í horni og

þá þurfti ég að hlaupa út og láta einhvern annan taka hann. Þannig að þetta hjálpar ekki, því miður. En það má reyna,“ segir hún og hlær.

Sýningin er opin í Ásmundarsal út helgina. Síðasti sýningardagur er sunnudagurinn 20. nóvember. ■



ÍÞRÓTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

h
HRINGBRAUT

Bónus og Euro Shopper með þér í bakstrinum



BÓNUS

Verð gildir til og með 20. nóvember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.



959

kr./pk.

**2,3
kg**

298

kr./pk.



**400
g**

998

kr./pk.



**5
stk.**

598

kr./pk.



Laktósalaus

999

kr./pk.




**4x
2 ltr**

859

kr./pk.



**4x
2 ltr**



Meðlimir Supersport! telja óheildarlegt að gangast alfarið við hugmyndum um Ísland á erlendri grundu og segja nýja kynslóð bera ábyrgð á að leiðrétta ranghugmyndir um landið sem jafnréttisparadís. Sveitin gaf út plötu í Japan á síðasta ári.

ninarichter@frettabladid.is

Bjarni Daniel, þóra Birgit Bernódusdóttir, Hugi Kjartansson og Dagur Reykdal skipa indí-rokksveitina Supersport! Sveitin var stofnuð undir lok árs 2019, tengist Póstdreifingar-samfélaginu og hefur síðustu misseri haslað sér völl á erlendri grundu.

Flókið að vera frá Íslandi

Hljómsveitin hefur haft í nógu að snúast það sem af er ári. Síðasta vor héldu meðlimir í tónleikaferðalag um Evrópu og komu fram í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Noregi. Það má skilja meðlimi svo að hugmyndin um hinn íslenska tónlistarmann og imynd Íslands erlendis sé skýrari fyrir þeim en nokkru sinni fyrr, og hún sé ekki endilega sönn.

„Það er almennt flókið að vera listamaður frá Íslandi og við höfum öll fundið þetta á þessu ári þegar við erum búin að vera að túra. Fólk annars staðar frá gerir sér hugmyndir um Ísland,“ segir Bjarni Daniel, um imynd sveitarinnar erlendis. Þóra bætir við að fólk lesi á netinu að Ísland sé jafnréttisparadís.

Bjarni Daniel samsinnir því og bætir við að sem íslenskir tónlistarmenn þurfi þau stöðugt að standa fyrir þær hugmyndir, hvort sem þau vilji það eða ekki. „Það er búið að keyra mjög árangursríkar markaðsherferðir fyrir þetta land og við breytumst sjálfkrafa í einhverja sendiherra fyrir Íslands hönd,“ segir hann.

Óheildarlegt að hoppa á vagninn

Dagur segir að erfitt sé að dansa á línunni á milli þess að vilja ekki gangast við krúttlegu Íslandshugmyndinni, sem hjálpar þeim einnig í markaðssetningu. „Þegar við spilum í Póllandi og segjumst vera frá Íslandi, þá getur það jaðarsett áhorfendur okkar, líka ef við erum að gagnrýna of mikið þessar ákveðnu hugmyndir um hvað Ísland þýðir. Við megum ekki gagnrýna það á vitlausan máta,“ segir hann.

Kæra sig ekki um krúttstimpilinn



Supersport! hafa túrað um heiminn að undanförunu og hafa skoðanir á imynd landsins á erlendri grundu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bjarni Daniel svarar að hann sé ósammála þeirri nálgun að gangast fyllilega við hugmyndum um landið og segir tónlistarfólk frá upphafi aldarinnar hafa vissulega gert það. „Ef maður hugsar um krúttkynslóðina, þá var það heil sena af frábæru tónlistarfólki sem kemur hëðan og algjörlega hoppar á þennan vagn,“ segir hann. „Það er bara svona: Frá Íslandi. Frá A-Ö. Mig langar ekki að gera það, mér finnst það óheildarlegt,“ segir Bjarni Daniel og bætir við að hugsanlega sé það sannleikur þeirra sem það gerðu. „En við berum ábyrgð sem ný kynslóð af indí-, eða alt-popptónlistarfólki sem kemur frá Íslandi, að leiðrétta þessar mýtur sem hafa orðið til.“

Samkvæmt Degi snýr ranghugmyndin um íslenskt tónlistarfólk að krúttshugmyndum, að allir frá Íslandi séu í tengslum við náttúruna, fortíðina og hefðir. „Og svo er

keyrt á þessari hugmynd um að við séum yfirnáttúruleg og búum yfir einhverju afli,“ segir hann.

„Við semjum tónlist á íslensku og erum mjög augljóslega mótuð af öðru íslensku tónlistarfólki sem hefur gert það gott,“ segir Dagur. „En það er erfitt, ef við förum aftur í flóttafólkið og aðra mjög misgóða hluti sem hafa gengið á síðustu ár. Það er erfitt að selja hugmyndina um að Ísland sé svona frábært þegar við vitum að Ísland er gallað á marga vegu – eins og flest önnur lönd.“

Þóra samsinnir því. „Já. Að geta leiðrétt fólk þegar það segir: Þú ert frá Íslandi, þar er allt svo frábært og allir eru femínistar þar og lífið er frábært fyrir hinsegin samfélagið og gott að vera þar sem flóttamaður. Að geta sagt: Það kemur kannski þannig fram á netmiðlum en þegar maður býr þarna finnur maður fyrir

”

Það er bara svona: Frá Íslandi. Frá A-Ö. Mig langar ekki að gera það, mér finnst það óheildarlegt.

Bjarni Daniel

Dömusegullinn Davidson, meme og Ratajkowski

ninarichter@frettabladid.is

Leikarinn og uppistandarinn Pete Davidson er daglegur gestur á síðum heimspressunnar um þessar mundir. Bandaríski skemmtikrafturinn með afslappaða stílinn naut mikillar velgengni fyrir frammistöðu í vikulegu gamanþáttunum Saturday Night Live, sem hann starfaði við á árunum 2014 þangað til í ár, en oftast er það ekki vinnan heldur ástarlífið sem skilar honum umfjöllun fjölmiðla.

Úr umfjölluninni hafa spunnist svokölluð meme, það er, myndrænir brandarar á netinu sem ganga út á að leikarinn sé stöðugt að hitta konur sem þyki of flottar fyrir hann. Brandararnir skipta þúsundum og ganga allir út á að birta mynd af Pete hversdagslegum til fara að leiða ýmsar persónur og hluti. Þar má finna myndir af Pete á stefnumóti með sólinni.

Pete var á tímabili trúlofaður söngkonunni Ariönu Grande eftir tuttugu og fjögurra daga kynni. Þá áttu Pete og stórstjarnan Kim Kardashian í stuttu sambandi á tímabilinu október 2021 fram í ágúst 2022.



Pete og Kim Kardashian áttu í níu mánaða sambandi í heimsfaraldrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pete þykir hafa sérlega afslappaðan stíl og oft í ósamræmi við glamúr kvennanna sem hann hefur átt í ástarsamböndum við.



Emily Ratajkowski hitti leikarann á afmælisdaginn hans, 16. nóvember.




Pete Davidson within a week after he arrives in heaven.

Þá náði meme-framleiðslan hámarki sínu og gárungar hófu að fótósjoppa Pete á stefnumótum með Elísabetu Bretadrottningu og mörgum fleiri frægum konum. Nýjustu fregnir herma að Pete sé að hitta ofurfyrirsætuna Emily Ratajkowski og saúst þau í faðmlögum á afmælisdaginn hans á miðvikudag. ■


Netverjar hafa keppt um að setja Pete upp í hinar ýmsu aðstæður með konum, hlutum og jafnvel hugmyndum. Hér er brandari á þá leið að hann lendi á stefnumóti með Marilyn Monroe þegar hann kveður þessa jarðvíst.

Bækur bæta tilveruna

Fjórar nýjar og áhugaverðar bækur sem allir ættu að lesa



Útsýni
5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.



Játning
5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.



Reykjavík
5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.



Gættu pinna handa
5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.

Vörúval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodsins er til og með 21. nóvember eða á meðan birgðir endast. Uppýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabren-

www.penninn.is
s: 540-2000




Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu



Eymundsson

SR30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA



► **4. DESEMBER**

▶ KL. 14.00

SILFURBERG

Jólatónleikar fyrir börn og fjölskyldur þeirra

Eiríkur Rafn Stefánsson stjórnar
eigin útsetningum þekktra jólalaga
og allir geta sungið með. Salka Sól
verður sérstakur gestur ásamt
barnakór.

Miðasala á HARPA.IS og TIX.IS



Helgi Sigurðsson er fljótasti dómari landsins í lengri vegalengdum. „Hins vegar myndi Ásgerður Ragnars taka mig í 200 metrum á háum hælum.“

MYND/AÐSEND

Fljótasti dómari landsins

Heita má að allt sé sextugum sælt – og sjötugum sömuleiðis, en æ fleiri landsmenn fara nú inn í efri árin á fleygiferð, líkamlega vel á sig komnir, enda stæla þeir kroppinn daglega og gefa þar ekkert undan.

ser@frettabladid.is

Helgi Sigurðsson héraðsdómari er einn þessara hlaupagikka landsins sem skora sjötugsaldurinn á hólmi með því að spretta úr spori um götur og stiga í Reykjavík sem öðrum borgum heims, en hann getur einfaldlega ekki hætt.

„Þetta er lífsstíll sem færir manni gleði og ánægju, en ekki síst samveru með góðu fólki á öllum aldri, en ég hleyp bæði í hlaupahópi þar sem menn ræða málin á leiðinni fram eftir stígum og slóðum, milli þess sem ég skokka einn með sjálfum mér,“ segir Helgi og nefnir til viðbótar að það síðarnefnda gefi honum færi á að hvíla vel í núinu, finna andrána í eigin sál. „Þar er komið jógað í þessu sporti, vittu til,“ segir hann enn fremur, „en vilji menn ekki vera einir með sínum hugsunum er hægt að hafa tónlist eða sögur í eyrunum – á fullri ferð um bæinn og nágrenni.“

“

Það er vel hægt að vera í betra formi sextugur en fertugur.

Hann er alinn upp í Hlíðunum, æfði fótolta á yngri árum og kveðst alltaf hafa verið duglegur að hlaupa. „Vandinn var frekar þegar ég náði boltanum, en þar vantaði tæknina,“ viðurkennir hann fúslega, svo hlaupin tóku yfir. „Ég varð óvænt skólameistari í MH í hlaupi á fyrsta ári og sló þar út marga öfluga hlaupara,“ bætir hann við.

Endorfínið eykur málgleði

En svo liðu árin, eins og gengur. „Ég fór ekki að æfa hlaup skipulega fyrr en í hlaupahópi Sigga Pé á árinu 2007 sem er frábær félagsskapur, meðal annars með ungu og miskunnarlausu fólki, en líka fólki á mínum aldri eins og Reimari Péturssyni. „Við framleidum svo mikið endorfin á hlaupunum að við höfum alltaf nógu um að tala óháð kílómetrafföld.“

En er hann ekki örugglega fljótasti
dómari landsins?

„Altént í lengri vegalengdunum. Hins vegar myndi Ásgerður Ragnars taka mig í 200 metrum á háum hælum. Ég hef bent henni á að það er keppt í þessu árlega í helstu verslana-
götu Amsterdam og reyndar víðar og er lágmarkshæð hæla 9 sentimetrar. Ég hef margsinnis boðist til að skrá hana en hún er að hugsa málið,“ segir Helgi Sigurðsson. ■

Jólamarkaður opnaður viku fyrr

ninarichter@frettabladid.is

Hafnfirðingar bjóða gestum í jólaþorpið á Thorsplani í tuttugasta sinn. Jólaþorpið verður opnað klukkan 17.00 í dag og verður þar opið allar helgar til jóla, föstudaga frá 17 til 21 og laugardaga og sunnudaga milli 13 og 18. Ákveðið hefur verið að opna jólaþorpið viku fyrr þetta árið og segir verkefnastjóri hjá bæjarskrifstofu það gert til að tryggja að sem flestir komist.

Lúðrasveit Hafnarfjarðar og
 Karlakörinn Prestir flytja jóla­lög
 fyrir viðstadda í dag klukkan 17.30,
 áður en jóla­sjónin verða tendruð
 á trénu sem er gjöf frá Cuxhaven,
 vinabæ Hafnarfjarðar í Þýskalandi.
 Tónlistarkonan Klara Elías stígur
 næst á svið og flytur tvö lög, annað
 þeirra nýtt jóla­lag. Hafnfirðingar
 klæða bæinn í ærlegan jóla­búning
 á adventunni og á vef þæjarins má
 finna sérstakt kort með jóla­leið sem
 stíkuð hefur verið um bæinn.



Jólaborpið í Hafnarfirði á sér 20 ára sögu og opnar viku fyrr þetta árið.

MYND/AÐSEND

„Þetta byrjaði fyrir 20 árum síðan,“ segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ. Hann útskýrir tildrög jólabæjarins Hafnarfjarðar þannig, að á bæjar-skristofunni hafi starfað mikið jólabarn sem hafði kynnst jólamörkuðum í Þýskalandi og flutt

hefðina heim. „Þetta var Anna Sigurborg, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs,“ segir Andri og minnir á að þó að Anna Sigurborg hafi vissulega verið frumkvöðullinn hafi þetta verið margra manna sameiginlegt verkefni og fjöldi fólks komi að því að klæða bæinn í jólabúning ár hvert.

„Við höfum lagt gríðarlega áherslu á þetta undanfarin ár, og erum farin að tala um jölabæinn Hafnarfjörð,“ segir Andri. Hann segir mikla tilhlökkun ríkja í bænum og bíði sé að skreyta helstu almenningsgarða.

Andri rifjar upp eina eftirlætis minningu frá adventunni í Hafnarfjarðarbæ, frá samkomutakmörkunum árið 2020. Þá hafi bæjarbúar hist í Hellisgerði til að skiptast á jólagjöfum og nýtt svæðið til dýrmætrar fjölskyldusamveru. „Það er svo dásamlegt að vita af svona sögum, að fólk sé að nota svæðið til að hittast og koma saman,“ segir hann. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is | **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is | **FOLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Var Vilhelmsón jonvar@frettabladid.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeinn@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is | **FÖLK OG SERBLÖÐ EFNÍ:** Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is | **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is | **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5055: Anna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

Opið ALLA daga

VESTURLANDSVEGI 9–22

HÆÐASMÁRA 10–23

Opið virka daga

SUÐURFELLI 9–18

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

- Bílaapótek Vesturlandsvegi
- Bílaapótek Hæðasmára
- Bílaapótek Suðurfelli
- Glæsibæ
- Urðarhvarfi
- Mjódd
- Apótek Suðurnesja

Renndu við

Bakþankar

Odds Árnason
Gunnarssonar

Úlpan og nagladekkin

Ég fór í úlpu í vinnuna í gær-morgun. Það voru mistök. Ég bý nefnilega við þann lúxus að geta labbað í vinnuna og lengi vel þýddi það að ég þurfti að hugsa mig vel og vandlega um það hvernig ég klæddi mig áður en haldið var út í daginn.

Nú er kominn vetur, eða svo hélt ég, þannig að í gær ákvað ég að vera séður og fara í úlpu. Nóvemberlok eru nefnilega að nálgast og ég gat ekki heyrt betur í gegnum gluggann en að það væri meira að segja rok. Þýðir það ekki að það sé kalt? Þetta hélt ég að væri staðreynd. Einhvers konar fasti sem maður gæti bara gengið út frá.

Við tók einn sá sveittasti göngutúr sem ég hef á ævi minni farið í. Þarna gekk ég í hnausþykkri úlpu sem ég hafði keypt mér dýrum dómum, að ég hélt tilneyddur vegna langra vetra, snjóbylja og ómurlegs hitastigs.

Þannig var þetta alla vega. Núna er tíu stiga hiti klukkan átta á venjulegum fimmtudags-morgni og það er löngu kominn „vetur“.

Svo setti ég líka bílinn á nagladekk þann 1. nóvember. Af því að ég vildi bara vera tilbúinn fyrir frostið og hálkuna skilurðu? Eins og allir hinir. Nú spæni ég upp malbikið og spúi krabbameinsvaldandi efnum út í loftið á meðan ég svitna í rán-dýru úlpunni minni.

Ég held það sé kominn tími á að tilkynna þetta. Nóvember er ekki lengur nóvember. Hann er orðinn einhvers konar sprota-mánuður októbermánaðar, sem var nýlega sameinaður septem-bermánuði. ■

**ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA**

FUNI UNISEX DÚNÚLPA
Kr. 33.990,-

**Vinir
fá sérkjör**
SKRÁNING Á ICEWEAR.IS

VERÖLD HVÍLDAR

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Chandon er ný og glæsileg lína frá Serta þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði.

Chandon heilsurúmið er einnig hægt að fá með stillanlegum botnum og heilli yfirdýnu. Einnig fáanlegt í gráum lit. Einstaklega falleg hönnun þar sem þægindi og stuðningur veita þér þann svefn sem þú átt skilið.

SERTA CHANDON HEILSURÚM (dýna, botn, gafl og lappir)

Stærð	Verð m/stillanlegum botni	Tilboðsverð
160 x 200 cm	649.900 kr.	519.920 kr.
180 x 200 cm	679.900 kr.	543.920 kr.
180 x 210 cm	689.900 kr.	551.920 kr.
200x200 cm	739.900 kr.	591.920 kr.

FROM ICELAND WITH LOVE

STORMUR
Heilsuinniskór. Ýmsir litir.
Verð 10.900 kr.

MISTUR
Heilsuinniskór.
Einnig til ljósir
Verð 15.900 kr.

FROST
Heilsuinniskór.
Verð 15.900 kr.

COSYFORM
Hægindastóll á snúningsfæti með innbyggðum skammel. Grátt leður.
Verð frá 429.900 kr.

BOSS
HUGO BOSS
BOSS LORD
Kimono baðsloppur, ýmsir litir. S – XXL.
Verð frá 28.900 kr.
Nú frá 23.120 kr.

ELEGANTE NOBLESSE
Jacquard satin. Ýmsir litir.
140x200 cm. Verð 25.900 kr.
Nú 20.720 kr.

BELLA DONNA
Bómullin er blönduð með Aloe Vera geli. Lökin halda sér ár eftir ár. 97% bómull og 3% elastin.
Verð frá 7.900 kr.

LUXURY OUTLAST HITAJÖFNUNARKODDI
50x70 cm. 600g. 90% dúnn og 10% smáfiður. Verð 24.900 kr.
Nú frá 19.920 kr.

AARØ MOSCUS HEIT DÚNSÆNG
140x200 cm. 725g. 90% dúnn, 10% smáfiður.
Verð 49.900 kr.
Nú 39.920 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.